II

И.М. Г.Г.

19[illegible]9 — 1950

Ved Efterbestilling
forlang da
Oktav Nr. 474/1
eller indsend vedhængende Kupon
Pris Kr. C1

Gerðabók

U.M.F.

Fram

Afh. HKS 21.3.'79.

Ár 1929 Miðvikudaginn 16. Jan var aðalfundur U M F Fram settur og haldinn að Húsey.
Fundinn setti formaður fjelagsins Haraldur Jónasson
Mættir voru 15 fjelagsmenn.
Þessi mál komu til umræðu.

1. Reikningar fjelagsins. Fjehirðir Pálmi Þorsteinsson las upp reikninga fjelagsins fyrir s.l. ár og sýndu þeir að eign fjelagsins við árslok var kr 533.69. Þar af taldi fjehirðir, ófáanleg 6 árstillög kr 12.00 og enn fremur ógreiddan skatt til S U F S. fyrir s.l. ár. Voru reikningarnir þá bornir undir atkvæði og samþ. í einu hljóði.

2. Starfsemi fjelagsins. Formaður fór nokkrum orðum um starfsemi fjelagsins á s.l. ári. Skýrði hann frá því að nú væri fengið vilyrði fyrir samkomuhússtæði austan í Reykjarhólnum, og lagði eindregið til að fjelagsmenn sneru sjer að byggingu samkomuhús og sundlaugar, ~~ ~~. Einnig taldi hann sjálfsagt að halda uppi sundkenslu á næsta vori.
Til þess að koma húsinu upp þyrfti fjelagið að afla sjer fjár og óskaði eftir að fundarmenn legðu til góð ráð þessu viðvíkjandi.
Pálmi Þorsteinsson óskaði eftir upplýsingum viðvíkjandi

kostnaði við fyrirhugaða bygginga. Form. svaraði að eftir áætlun sem sambandsnefndin hefði fengið i fyrra, um hússtærð 10×15 al kostaði efni c.a kr 3000.00
Tobias Sigurjónsson áleit að húsið ~~þyrfti að~~ mætti eigi vera minna en 10×20 al. Taldi hann heppilegt að safna vinnuloforðum innan fjelagsins og utan.
Benedikt Sigurðsson kvaðst álíta hið fyrsta verk, að ákveða stærð fyrirhugaðs húss og laugar og síðan að safna vinnuloforðum.
Eftir nokkrar umræður var samþ. að húsið skyldi vera 20×12 eða 10 al. ef byggingarfróðum mönnum þætti það heppilegra en byggingarnefnd falið að ákveða laugarstærð i samráði við byggingarmeistara ríkisins.
Þá kom fram svohljóðandi tillaga: „Fundurinn er því samþykkur að fjelagið heyji á komandi sumri og felur stjórninni framkvæmdir.“
Samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

3. Þessum var veitt ~~inngang~~ í fjelagið: Steinþór Guðmannssyni, Páli Jónssyni og Ingimar Bogasyni.
4. Úr ~~F~~fjelaginu gengu Halldór Vídalín og Jón Stefánsson.
5. Kosningar: Í byggingarnefnd Haraldur Jónasson (atkv. 13) Steingrímur Arason (atkv 10) og Tobias Sigurjónsson (atkv 10)

Til vara Árni Gottskálksson (atkv 4.) Pálmi Þorsteinsson (atkv 4) og Benedikt Sigurðsson (atkv 1)
Í stjórn: Haraldur Jónasson (atkv 14) Tobias Sigurjónsson (atkv 15) og Pálmi Þorsteinsson (atkv 13)
Varastjórn: Árni Gottskálksson (atkv 6) Steingr. Arason (atkv 4) og Steinþór Guðmannsson (atkv 2).
Fulltrúar á sambandsfund: Haraldur Jónasson (14) og Tobias Sigurjónsson (14)
Varam. Steingr. Arason (13)
Endurskoðendur reikninga: Steingrímur Arason og Gísli Stefánsson.
Fundargerð lesin upp og samþ.

Fundi slitið

Tobias Sigurjónsson
(ritari fjelagsins)

Fundur var haldinn að Völlum þriðjudaginn 12. mars 1929 í U.M.F. Fram.
Formaður fjel. Haraldur Jónasson setti fundinn og stýrði honum. Til ritara nefndi hann Gísla Stefánsson.
Fyrst skýrði fundarstj. frá komu Jóns Þorsteinssonar íþróttakennara í sumar og samræðu þeirra, sem aðallega hafði snúist um að hvetja ungmennafjel. til að ganga í Íþróttasamband Íslands.
Þar sem komið hafði til orða að S.U.F.S. gengi í þetta samband, fanst fjelögum óþarft að U.M.F. Fram gengi í það, ekki síst þar sem það yrði töluverður útgjaldaliður fyrir fjelagið. Var tillaga samþykkt um að ganga ekki í Í.S.Í. að svo stöddu.
Næst skýrði fundarstj. frá gjörðum aðalfundar S.U.F.S. sem haldinn hafði verið á S.krók 17. febr. s.l.
Þar hafði sjerstaklega verið óskað eftir þátttöku úr fjel. innan sambandsins í væntanlegri sýslusglímu sem haldin yrði seint í vetur. Voru undirtektir daufar hjá fjelögum. Fulltrúum S.U.M.F.S hafði sýnst ráðlegast að ákveða ekki að svo stöddu samkomu þá er venja hefur verið að halda að vorinu, vegna hinnar slælegu þátttöku á síðasta vori. Síðan voru þessi mál tekin út af dagskrá.

Þá var tekið til umræðu húsbyggingarmálið.
Framsögu hafði formaður húsbyggingarnefndar Tobías Sigurjónsson. Fyrst skýrði ræðumaður frá að fengnir væri uppdrættir að hinu fyrirhugaða húsi og sundlaug frá húsabyggingameistara og var uppdr. lagður fram til sýnis. Enn fremur kostnaðar áætlun frá sama sem hljóðaði upp á 32 þús. kr, sem sagt hús að stærð 12×20 al, sundlaug 10×20 m og sólbyrgi. Er sú áætlun reiknuð eftir vinnulaunum og efniskaupum í Reykjavík.
Þá skýrði frummælandi frá samningum húsbyggingarn. við Guðmund bónda á Reykjarhóli viðvíkjandi lóð undir væntanlega bygginga fjel. og lagði fram fyrir fundinn uppkast að samningi því viðvíkjandi.
Síðan var rætt fram og aftur um þessi mál, sjerstaklega um hvort hefjast skyldi handa og ráðast í húsbyggingu á þeim grundvelli sem fram var lagður, svo sem hvort hægt væri að ganga að þeim skilyrðum, sem jarðeigandi setti. Einnig þótti nokkrum í mikið ráðist fjárhagslega af jafn fátæku og fámennu fjelagi.
Síðan var borið undir atkvæði samningsuppkast það sem húsb.n. lagði fram, og var leitað nafnakalls, sögðu allir nei. Samþ. var að húsbyggingarn. legði ekki árar í bát en starfaði áfram.

Málefni ákveðið til næsta fundar: Hver er munur á skáldi og hagyrðingi? Framsögum. Ingimar Bogason. Óákveðið málefni hjá Halldóri Benediktssyni.
Fleira eigi tekið fyrir.

Fundi slitið

Haraldur Jónasson (fundarstj.)   Gísli Stefánsson (ritari)

Ár 1929. 31. Mars var fundur settur og haldinn í ungmennafjelaginu Fram að Reykjarhóli.
Á fundinum voru mættir 16 fjelagsmenn.
Formaður setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Gísla Stefánsson, nefndi hann til skrifara Halldór Benediktsson.
Þetta gerðist á fundinum.
Formaður húsbyggingarnefndar Tobías Sigurjónsson las upp samningsuppkast er húsbygginganefnd var búin að gera við Pálma Þorsteinsson á Reykjarhóli, um sambyggingu austan í Reykjarhól. Næstur tók til máls Pálmi Þorsteinsson. Taldi hann upp nokkur ágreiningsatriði í samnings-uppkasti þessu er væru því til fyrirstöðu að hann gæti talið sig því samþykkan.
Þá talaði Haraldur Jónasson. Taldi hann það miklum vanda að telja upp hvað mætti gera í hinu fyrirhugaða húsi fjelagsins og eins hvað mætti ekki gera, en það var aðal ágreiningsatriðið, því Pálmi kvaðst óttast samkepni frá fjelagsins hálfu í framtíðinni. Þá kom Tobías Sigurjónsson með breytingartillögu við aðra grein uppkastsins, sem valdið hafði ágreiningi. Þá talaði Pálmi Þorsteinsson
Þá fundarstjóri. Ámælti hann samnings aðila fyrir óþarfan ótta við einhverja hrekki í framtíðinni. Taldi vafasamt að fjelagið færi að reka nokkra þá atvinnu í húsinu, sem íbúum þess væri til baga. Þá talaði Steingrímur Arason. Vildi hann að fjelagið hefði frjálsar hendur með umráð hússins. Síðan töluðu ýmsir og voru allir með því að bygt væri í fjelagi við Pálma nema Jón Björnsson. Tobías Sigurjónsson óskaði eftir að uppkast þetta yrði borið upp sem undirstaða að samningi sem nefndin myndi leitast við að gera við Pálma Þorsteinsson. Var það gert og samþ. með 8 atkv. gegn 1, 7 greiddu ekki atkvæði. Og með því að farið var að dimma af hríð og nótt vanst ekki tími til að hlusta á framsögu Þ. Ingimars Bogasonar og var því fundi slitið.

Gísli Stefánsson (fundarstj.)   Halldór Benediktsson (ritari)

Sunnudaginn 7. April 1929 var fundur settur og haldinn í U.M.F. Fram að Gröfargili, á fundinum voru mættir 14 fjelagar. Formaður setti fundinn og nefndi Steinþór Guðmannsson til fundarstjóra, en til skrifara var nefndur Ingimar Bogason.

Fyrstur tók til máls Tobías Sigurjónsson, umræðuefni var hin fyrirhugaða húsbygging og talaði hann um í hvaða stíl þessi væntanlega bygging yrði höfð. Næstur tók til máls Pálmi Þorsteinsson og mintist hann á hinn minkandi áhuga fjelagsmanna í þessu byggingarmáli og skoraði hann á fundarmenn að láta álit sitt í ljósi hið bráðasta í þessu framfaramáli. Þá talaði formaður fjelagsins og fór fram á að breytingar yrðu gerðar sjerstaklega viðvíkjandi 2. og 6. gr samningsuppkastsins, en kvatst þó beygja sig undir vilja fjelagsmanna í þessu efni. Björn Guðmundsson talaði þá um óhug fjelagsmanna þá er hinir fyrri samningar komu til umræðu. Þyrnirinn í þeirra augum hefði þá verið lóðargjaldið og tók til samanburðar aðstöðu málsins þá og nú. Sig. Konráðsson fór fram á að mál þetta fengi góðan framgang og yrði samþ.

á þeim grundvelli sem það stæði nú á. Benedikt Sigurðsson gerði fyrirspurn hvort fjelagsmenn gætu gengið úr fjelaginu hvenær sem væri og þar með neitað að taka þátt í starfsemi þess. Tobías Sigurjónsson svaraði fyrirspurn þessari

Fundarstjóri kvaðst samþykkja núverandi samninga meðfram sökum þess að vatnið væri svo ákaflega mikils virði. Gísli Stefánsson kvatst eigi geta fundið neinar sjerstakar hömlur á þessu máli utan óþarfa varúð frá beggja hálfu. Form. gat þess að styrkur mundi geta fengist út á alt húsið. Ennfremur kom hann með tillögu um að byggja aðeins litilsháttar í vor. Reisa suðurgafl hussins og leiða vatn en láta hitt bíða til næsta vors sökum peningavandræða. Þá var gengið til atkvæða um uppkast að grunn og vatnssamningi við Pálma Þorsteinsson, og tekinn hver liður fyrir sig. 1. gr. samþ. í einu hljóði. 2. gr. samþ. með öllum atkv móti 1. 3. 4. og 5. gr. samþ. í einu hljóði. 6. gr. samþ. með öllum atkv. móti einu.

Samningsuppkastið samþ. með öllum atkv. gegn einu. Pálmi Þorsteinsson gat þess að ef fjelagsm. byrjuðu eigi á byggingunni í vor þá væri ~~samþ~~ samningur þessi

þar með fallinn úr gildi. Þá kom Tobías Sigurjónsson með tillögu um að bæta við 2 mönnum í (nefndina) húsbygginganefndina. Var tillagan samþykkt. Kosnir voru Benedikt Sigurðsson og Árni Gottskálksson, varam. Halldór Benediktsson. Fleira gerðist ekki á fundinum.

Fundi slitið.

Steinþór Guðmannsson fundarstjóri — Þ. Ingimar Bogason skrifari

Sunnudaginn 21. April 1929 var fundur settur og haldinn í U. M. F. Fram að Geldingaholti.
Á fundinum voru mættir 12 fjelagar.
Gerðir fundarins eru þessar:

1. Formaður fjelagsins skipaði fundarstjóra Árna Gottskálksson á Bakka og hann nefndi til ritara Steinþór Guðmannsson.
2. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþ.
3. Húsbyggingarmálið: Þar talaði fyrstur Tobías Sigurjónsson og skýrði frá því, að nefndin hefði ekki enn getað útvegað lán til byggingarinnar. Einnig beindi hann þeirri spurningu til fjelaga: hvað þeir myndu geta lagt fram í vinnu í vor svo hægt yrði að koma upp stafni og vatnsleiðslu. Kostnaður við það áætl. hann við að yrði 5–6 hundruð krónur.
Steingrímur á Víðimýri gerði fyrirspurn, hvort stafninn milli fyrirhugaðra bygginga yrði kostaður af ungmennafjelaginu; svaraði Pálmi því játandi.
Sökum þess að Steingrímur var fjarverandi er uppkastið að grunnleigusamningnum var til umræðu, ljet hann álit sitt í ljósi á þessum fundi og lýsti sig honum mótfallinn sökum þess að húsið yrði eigi alfrjálst. Kvaðst hann hafa fengið þær upplýsingar fyrir sunnan að vafalítið væri að leiða mætti heita vatnið út úr landi eiganda, einnig gat hann þess að að eigi yrði veittur styrkur út á nema lítið sundskýli.
Formaður fjelagsins sagðist hafa búist við að styrkur mundi fást út á allt þetta hús eins og Reykjahúsið. Pálmi Þorsteinsson og Haraldur Jónasson röktu sögu húsbyggingarmálsins í fróðlegum og fjörugum samræðum. Í þeim umræðum óskaði formaður eftir að inn í samninginn yrði sett, allar samkomur, í stað upptalningarinnar. Pálmi kvaðst skyldi athuga það áður en samningurinn yrði hreinritaður. Um leið mintist hann á bygginguna í Brekku-

parti, og sagði að þó að vatnið fengist úr Reykjarhóls landi, þá myndi það verða metið hátt, t.d. væri heita vatnið á Laugum metið á fjórða þúsund kr. sem tekjur.

4. Haraldur óskaði eftir að losna úr húsbyggingarnefnd. Einnig neitaði Steingrímur að starfa í sömu nefnd og bjóst við að fara úr fjelaginu.

5. Tobías safnaði vinnuloforðum.

6. Ingimar Bogason flutti málefni: Hver er munur á skáldi og hagyrðing? Umræðum frestað til næsta fundar.

Fundi slitið með kaffidrykkju.

Árni Gottskálksson
fundarstjóri

Steinþór Guðmannsson
ritari

Ár 1931 Sunnudaginn 4. Jan var settur og haldinn aðalfundur U.M.F. Fram í nýbýlishúsinu við Reykjarhól. Mættir voru 13 fjelagsmenn.
Fundinn setti form. fjel. Haraldur Jónasson og tók fyrir skrifara fundarins Tobías Sigurjónsson ritara fjel.
Formaður gat þess að fjel. hefði nú hvílt sig í 1½ ár, hann hefði boðað einu sinni til fundar á þessu tímabili, en engir hefðu komið, enda veður slæmt.
Þessi mál komu til umræðu.

1. Reikningar fjelagsins. Fjehirðir Pálmi Þorsteinsson las upp skrá yfir eignir fjelagsins. Sýndi hún hreina eign kr. 541.59. Fjehirðir gat þess að form. og sjer hefði komið saman um það að færa eigi til eignar till. fjelagsm. fyrir tvö næstliðin ár, sem óinnheimt ~~væri~~ væru. Samþ. var að þessi umræddu tillög skyldi ekki innheimta og eignaskráin samþykkt sem gildandi reikningur.
2. Framtíð fjelagsins. Formaður fór nokkrum orðum fyrverandi starfsemi fjelagsins. Taldi hann núverandi fundarsókn bera vott um að menn hefðu áhuga fyrir því að fjelagið starfaði með krafti. Bað hann fjelagsmenn að nota tímann og halda uppi fjörugum umræðum.
Ingimar Bogason taldi firn mikil ef eigi væri hægt að halda saman ungmennafjelagi hjer í sveit, ~~sem~~ eins og í nor

liggjandi sveitum. Eitt af því nauðsynlega væri að fá kvenfólkið til aðstoðar. Fjelagið gæti fengið sjer blett til blómaræktar, það væri þó að prýða sveitina. Steinþór kvað fjelagið þurfa ~~að~~ fyrst af öllu að byggja sjer húsnæði.
Gísli í Mikley taldi frekar óráð að u.m.f. fengist til mikils við verklegar framkvæmdir. Það myndi vera svo um flesta unglinga, að þeir hefðu lítið afllögu. Enda væri nóg verkefni fyrir ungmennafj. að vekja meðlimi sína til fjálsrar hugsunar og æfa þá í að koma hugsunum sínum í ljós í skipulegri ræðu.
Nokkrar frekari umræður urðu um málið og voru allir því fylgjandi að halda fjelagsskapnum áfram.
3. Þessir gengu í fjelagið: Aðalsteinn Guðmundsson, Helgi Sigurðsson, Ingimar Sigurjónsson og Jón Gunnlaugsson
4. Kosningar. Í stjórn: Ingimar Bogason (10 atkv)
Tobias Sigurjónsson (10 atkv)
Pálmi Þorsteinsson (6 atkv)
Varastjórn: Björn Guðmundsson
Gísli Stefánsson
Sigurður Sigurjónsson
Endurskoðendur: Gísli Stefánsson
Steingrímur Arason

Fulltrúar á sambandsfund: Gísli Stefánsson
Tobias Sigurjónsson
5. Þegar hjer var komið fundinum flutti Steinþór Guðmannsson svohljóðandi tillögu:
„Fundurinn samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd til að halda skemtisamkomu til ágóða fyrir fjelagið." Till. samþ. í einu hljóði.
Nefndarmenn: Björn Guðmundsson
Steinþór Guðmannsson
Gísli Stefánsson
Til vara Ingimar Bogason
Haraldur Jónasson
Í ~~??~~ málefnanefnd voru kosnir:
Ingimar Bogason og Steinþór Guðmannsson
Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið

Tobias Sigurjónsson
(pt. ritari)

Ár 1931 Mánudaginn 26 Jan var fundur
settur og haldin í nýbýlis-húsinu austan
Reykjarhóls. Mættir voru 12 félagar.
Tobías Sigurjónsson formaður félagsins setti
fundinn og nefndi til fundarstjóra —
Björn Guðmundsson Reykjarhóli, — og kaus
hann til skrifara. Halldór Benediktsson. —
Málshefjandi var Steinþór Guðmannsson
Stakk hann upp á að félagsmenn stofnuðu
blað, sem þeir sjálfir rituðu í, og létu síðan
ganga á milli sín.
Skoraði hann á fundarstjóra, að láta fundarmenn
alla, taka til máls, um til-lögu þessa.
Umræður urðu frekar daufar um málið. —
Þá kom svohljóðandi til-laga frá Steinþóri
Guðmannssyni.
„Fundurinn samþykkir, að félagsmenn reyni
að gefa út blað, og kýs í því tilefni 3 manna
nefnd." Tillagan samþykt með 11 atkv. gegn 1.
Þá var gengið til útnefndar-kosningar.
Þessir hlutu kosningu:

Tobías Sigurjónsson (10 atkv.)
Þ. Ingimar Bogason. (8 — )
Pálmi Þorsteinsson. (7 — )

Þá tók til máls Ingimar Bogason.
Nefndi hann erindi sitt. „Hvert er nauðsynlegasta
húsdýr okkar, og hversu mikið gagn vinna þau
okkur." Umræður urðu heldur daufar.
Þótti flestum sem hér stýddi hvað annað
en töldu þó kýrnar nauðsynlegastar
Eftir nokkurt þóf tók fundarstjóri málið út
af dagskrá, — og tók þá Steinþór Guðmannsson
til máls. Vildi hann að félagsmenn færu
aftur að iðka tafl. Voru sumir því fylgjandi,
en aðrir drógu út.
Pálmi Þorsteinsson, stakk upp á að félagsmenn
æfðu skautahlaup, og var samþykt að koma
með skauta næst, ef færi yrði.
Næsti fundur ákveðinn Laugardaginn 7 Febr.
á sama stað.

Fundi slitið með söng, og bændaglímu.

Björn Guðmundsson
fundarstjóri.

Halldór Benediktsson
ritari.

Laugardaginn 7 Febrúar 1931 var fundur settur og haldinn í U. M. F. „Fram“ — í nýbýlishúsi Pálma ~~Þorsteinssonar~~.
Fundinn setti form. fjelagsins, og nefndi til fundarstjóra Jón Gunnlaugsson, — og hann til skrifara Sigurð Sigurjónsson

Þetta gerðist á fundinum:

I. Lesin upp: Fyrirmæli um blað Ungmennafjelagsins, „Fram“ svohljóðandi:

1 gr.

Blaðið heitir Geisli.

2 gr.

Í ritnefnd blaðsins skulu vera 3 menn, kosnir af aðalfundi Ungmennafjelagsins til eins árs í senn.
Skal einn þeirra hafa ritstjórn á hendi. Skrifar hann allar ritsmíðar í bók sem sje í hálfrar arkar (broti.) stærð.

3 gr.

Alt efni sem birta á í blaðinu skal sent ritstjóra, og ritar hann það í blaðið, að fengnu samþykki meðnefndarmanna sinna

4 gr.

Blaðið kemur út einu sinni fyrir hvern fund og skal efni þess lesið upp á fundunum.
Annast skal ritnefnd um upplestur.

5. gr.

Ritnefnd skal heimilt að taka greinar í blaðið, þó ritaðar sjeu af utanfjelagsmönnum.

Borið undir atkvæði og samþykt — með öllum greiddum atkvæðum.

II Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt.

III Sungið: Eldgamla Ísafold — Ísland! — Ísland! o. fl.

IV Glímt.

Og að því loknu fundi slitið.

Jón Gunnlaugsson. fundarstjóri. Sigurður Sigurjónsson ritari.

1931.

Sunnudaginn 22 Febrúar var Ungmenna-félagsfundur settur og haldinn í nýbýlishúsinu austan Reykjarhóls.
Fundarstjóri var Pálmi Þorsteinsson.
Ritari: Steinþór Guðmannsson.

Gerðir fundarins:

1. Lesin upp fundargerð síðasta fundar og samþykt.
2. Lesið blaðið „Geisli" efni þess var:
   1. Stefna blaðsins. – 2. Þankastrik.
   3. Fróðleiksmolar. – 4. Skrítlur.
3. Tekinn nýr félagi: Sigurjón Jónasson.
4. Ingimar Bogason. lagði þá spurninguna fyrir fundarmenn, hvort þeir væru ánægðir með blaðið, í þessu formi.

Björn Guðmundsson áleit blaðið helst til alvarlegs efnis, þyrfti að flytja meira af gamansömu efni.
Steinþór G. drap á hússbygginguna.
Um það ræddu: Tóbias Sigurjónsson og Ingim. Bogason.
Pálmi Þorsteinsson ræddi um félagsmál, á ímsum sviðum

5. Málefna-nefnd á næsta fund.
Halldór Benediktsson og Björn Guðmundsson

6. Lesin upp fundargerð og samþykt.

Fundi slitið með söng og glímum.

Pálmi Þorsteinsson — fundarstjóri
Steinþór S. Guðmannsson — ritari.

Ár 1931 Sunnudaginn 8 Mars. var settur og haldinn fundur af ungmennafélaginu „Fram" í Seyluhreppi, – í nýbýlishúsi Pálma Þorsteinssonar. Fundinn setti form, félagsins. Tobias Sigurjónsson og stýrði sjálfur fundi.
Þ. Ingim. Bogason hafði þá orðið; og las upp úr félagsblaðinu „Geisli." út af því höfuð umræðuefni er nú skal greina:

1 grein til umræðu: „Hvort er betra að skifta sjaldan eða oft um skoðanir."?

Pálmi Þorsteinsson hjelt fyrstur álit sitt í ljósi; kvaðst hann álíta rjett fyrir hvern og einn að skifta um skoðun í hvaða máli sem væri, ef menn sæju að það vísaði í betri veg.
Næstur tók til máls Björn Guðmundsson sagðist hann álíta skakt að halda fast við vissar skoðanir, því tímarnir breyttust, og kæmu svo aðrar eldri skoðanir, í bága við nútímann
Þá töluðu Ingimar Bogason og Aðalsteinn Guðmundsson. hvörtust þeir hallast frekar að því að skifta ofrar

um skoðanir. Þá talaði Tobias Sigurjónsson
kvaðst hann líta svo á að sumum mönnum þætti
minkun í að skifta um skoðun, og það þó að
þeir í hjarta sínu, vissu, að það mál, sem þeir
töluðu á móti, hefði við meira að styðjast.
2. Spurning til umræðu. „Hvort má sín meir
sólin eða vindurinn“ eða: „Hvort vinst meir
með blíðu en stríði“?
Fyrstur ljet álit sitt í ljósi, Pálmi Þ. sagðist
hann álíta að meira væri af því lakara í heim-
-inum, en það góða yrði ofta að lúta í lægra haldi
Björn G. og Aðalsteinn G. ljetu svipaða skoðun í
ljósi. Þá talaði Tobias Sigurjónsson. sagðist
hann líta svo á að það góða væri að ná meiri
og meiri tökum, og það mundi á endanum sigra
Sömu skoðun ljet Ingimar Bogason í ljósi.
3. spurning. „Hvort skapast lífsferill mannsins
meir af forlögum eða frjálsvilja“?
Pálmi Þ. kvaðst líta svo á að menn væru ekki
að öllu leiti sjálfráðir gerða sinna, og mundi
því nafnið forlög eiga þar heima.
Björn Guðm.ss. Aðalsteinn Guðm.ss. og
Ingimar Bogason fylgdu sömu skoðun.
Hinir aðrir fundarmenn töluðu á móti og
munu allir hafa verið andstæðir þessum fjórum
í skoðun. Ellefu félagsmenn sóttu fundinn.
Í félagið gekk, Brynleifur Sigurjónsson
Áður en fundur var settur var glímt og stokkið og
gerðar ýmsar „kúnstir“.
Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 24 þ.m.
Seinast sungið og kveðið!: Fundi slitið.

Tobias Sigurjónsson
fundarstjóri

Magnús Sigurðsson
ritari fundarins.

Þ. Ingimar Bogason.
ritari félagsins.

Þriðjudaginn 24 Marz 1931.
var fundur settur og haldinn í ný-
-býlishúsinu austan í Reykjarhólnum.
Form. fjelagsins Tobias Sigurjónsson setti
fundinn og nefndi Steinþór Guðmannss.
til fundarstjóra, og tók hann Björn Guðmunds.
til ritara. Þetta gerðist á fundinum:
1. Lesin upp fundargerð frá síðasta fundi
og samþykt.
2. Næst las Ingim. Bogason upp blaðið
„Geisli“ í blaðinu var þetta:

I. lesin upp 3 erindi.
II. lesnar " 4 spurningar.
III. lesnar " 4. gátur.
IV. lesnar " skrítlur

Fyrsta málið var „Kvíðin" eftir „Ingimund gamla." Þá tók Tobías í Holti til máls, og taldi að hyggilegt væri fyrir Íslendinga að lifa meira á heimafengnum rjettum, heldur en erlendum, taldi hann að ullarföt ættu betur við hjer á Íslandi að vetrinum, heldur en þinnri föt, en aftur mundu þau vera heit að sumrinu. Næstur talaði Ingim. Bogason í sama máli og taldi hann að illmögulegt væri fyrir Íslendinga að klæðast eingöngu með ullarfatnaði. Næstur talaði Steinþór Guðmannsson hann mintist á að kosin væri frjettaritari fyrir blaðið „Geisli." Pálmi Þorsteinsson tók næst til máls hann hjelt því fram ~~að það mundi vera~~ að það myndi vera ódýrara að fá sumar vörur frá útlöndum heldur en framleiða þær hjer. Sig. Sigurjónsson hjelt því fram að ódýrast væri að lifa sem mest á innlendum vörum.

Þar næst talaði Sigurjón Jónasson; hann taldi að fólk væri of fátt (~~[illegible]~~) í sveitinni til að vinna að innlendri framleiðslu.
Um þetta mál urðu nokkrar umræður
Þá talaði Tobías Sigurjónsson um að kosin væri frjettaritari fyrir blaðið „Geisli." nú þegar.
Um það urðu nokkrar umræður.
Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá formanni
Fundurinn samþykkir að fela Steinþóri Guðmannssyni að rita upp helstu frjettir og nýjungar sem gerast, og sjerstaklega innan sveitarinnar, til birtingar í blaðið „Geisli."

Tillagan samþykt.

Þá kom fram þessi spurning: „Eru allir jafn rjetthárir?" Um það var rætt á við og dreif, og tóku allir sem á fundinum voru til máls. — síðan voru sungin nokkur lög, m. m. fl.

Fundi slitið.

Steinþór Guðmannsson
fundarstjóri

Björn Guðmundsson.
skrifari.

Mánudaginn 6 April 1931 var fundur settur og haldinn i nýbýlishúsi Þ.þ.

Dagskrá fundarins:

1 Lesin upp fundargerð síðasta fundar. og samþ.
2. Björn Guðmundsson með málefni.
3 Lesið blaðið „Geisli“
4 Almennar umræður:

Fyrri helming dagskrárinnar var ~~slept~~ frestað. Efni blaðsins Geisla var:
1 Skátar 2. Háþöllin 3. Frjettapistlar
4 Fróðleiksmolar 5. Smælki 6. Vísur
7 Spurningar 8. Gátur 9. Skrítlur

Spurning frá fyrra fundi sem þá kom út í blaðinu: til umræðu; var rædd á þessum fundi, svohljóðandi:

„Hvert er stærsta alheimsbölið?“

Fyrstur tók til máls Björn Guðmundsson og ljet þá skoðun í ljósi að syndin væri mesta alheimsbölið. Steinþór Guðmannsson talaði næst og sýndi fram á drykkjuskap-urinn væri mesta alheimsbölið og jafn-framt stærsta syndin. Ingim. Bogason. ljet svipaða skoðun í ljósi.
Halldór Benediktsson ljet þá skoðun í ljósi að hernaður þjóðanna væri stærsta alheimsbölið. Pálmi Þorsteinss. leit þannig á málið að ósjálfstæðið gæti leitt af sjer stærsta alheimsbölið. Steinþór Guðmannsson áleit að flokkaskifting og flokkarígur væri þjóðarböl Íslendinga.
Málið var síðan rætt á við og dreif. og tóku flestir til máls.
Ritstjóri „Geisla“ Ingimar Bogason ljet í ljósi óánægju sína yfir því hve efnið í blaðið, væri af skornum skamti, og áminnti fjelagsmenn um að senda ritgjörðir til birtingar í blaðinu ef þeir óskuðu eftir að blaðið gæti komið út framvegis
Steinþór Guðmannsson lagði svohljóðandi til-lögu fyrir fundinn:
„Fundurinn samþykkir að allir fundarmenn sendi ritgjörð eða ritsmíð til birtingar í blaðið „Geisla.“ til upplesturs á næsta fund.
Til-lagan samþykt með 6 atkv. gegn 1.
Fundi slitið.

Pálmi Þorsteinsson. fundarstjóri.
Sigurjón M. Jónasson. skrifari.

S. G. B.
ritari fjelagsins.

Sunnudaginn 13 Des 1931 var fundur haldin í U.M.F. „Fram" að Varmahlíð. Fundinn setti form. fjel. Tobías Sigurjónsson og nefndi fundarstj.
2 Björn Guðmundsson, - en hann tilnefndi skrifara
3 Ingimar Sigurjónsson. - Þá tók til máls
form. og talaði um að fjelagið komi upp trjáreit, sagði hann að sjer þætti eigi ótrúlegt, að blettur fengist af landi því er ríkissjóður á hjer. Nokkrar umræður urðu um málið, og voru flestir með því að reint væri að koma upp trjáreit. Þá var borin fram svohljóðandi tillaga: „Fundurinn samþykkir að kjósa 3ja manna nefnd til að athuga hvort tiltækilegt sé að fjelagið komi upp trjáreit á einhverjum góðum stað á fjelagssvæðinu."
Samþykt með 7 atkvæðum
Kosnir voru í nefndina þessir:
Tobías Sigurjónsson (8 atkvæði)
Pálmi Þorsteinsson (7 — )
Björn Guðmundsson (5 — )
Á fundinum, gekk Hallgr. Jónsson í fjelagið
Fleira ekki til umræðu. Fundi slitið.

Björn Guðmundsson
fundarstjóri

Ingimar Sigurjónsson
skrifari

Aðalfundur.

Ár 1932 Sunnudaginn 10 Janúar var aðalfundur U.M.F. „Fram" í Seyluhreppi settur og haldinn að Geldingaholti. Mættir voru 13 fjelagar. Formaður fjelagsins Tobías Sigurjónsson setti fundinn og nefndi til skrifara Þ. Ingim. Bogason ritara fjelagsins.

Gerðir fundarins:

1. Fjehirðir Pálmi Þorsteinsson las þá upp reikninga fjelagsins, og sýndu þeir hreina eign fjel. Kr. 574,60. og höfðu fundarmenn ekkert við reikningana að athuga.
2. Form. gat þess þá að vegna fjárkreppu þeirrar er nú stæði yfir, mundi ástæða til þess að lækka árstillag fjelagsmanna um helming eða um 1. Kr. og var tillagan borin undir atkvæði og samþykt. Þá mintist form á starfsemi fjel. á síðastliðnu ári og jafnframt á horfurnar viðvíkjandi framtíðarstarfsemi fjel.

Þá talaði Markús Sigurjónsson og mintist á kartöflurækt sem fjelagið

ætti að geta starfað að.
Steinþ. Guðmannsson myntist á trjá-rækt sem hann áleit ekki arðberandi fyrir fjelagið. Þá myntist form. á trjáræktina, og gat þess að nefnd sú sem til þessa hefði verið kosin, væri þegar farin að taka ákvarðanir þessu viðvíkjandi. Björn Guðmundsson talaði um að fjelagsmenn fengju engja-blett í sumar til að heyja af. Markús S.ss. taldi hey alveg óseljanlegt að minsta kosti fyrir peninga. Þorsteinsson ræddi fjelagsmál á ýmsum sviðum. Steinþ. G. myntist á blaðið „Geisla" og áhugaleysi fjelagsm. fyrir útgáfu þess. Þá myntist form. á að kosin yrði skemtinefnd, eða fjársöfnunarnefnd, sem tæki þessi fyrnefndu mál til meðferðar. Málin voru síðan rædd á við og dreif.
3. Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá Steinþ. G. „Fundurinn samþykkir að sama nefnd manna starfi að trjá-ræktunarmálinu, sem áður hefir verið ákveðið." Samþykt í einu hljóði.

4. Stjórn fjelagsins endurkosin með þessum atkvæðum:
Tobias Sigurjónsson (12 atkv.)
Pálmi Þorsteinsson (10 — )
Þorl. Ingim. Bogason (8 — )
Varastjórn:
Björn Guðmundsson.
Sigurður Sigurjónsson.
Steinþór Guðmannsson.
5. Kosnir í skemtinefnd:
Björn Guðmundsson (12. atkvæði.)
Steinþ. Guðmannsson (9. — ).
Þorl. Ingim. Bogason (6. — ).
6. Kosnir í fjársöfnunarnefnd:
Tobias Sigurjónsson (7. atkvæði.)
Björn Guðmundsson (6. — )
Sigurður Sigurjónsson (5. — ).
Varamaður: Markús Sigurjónsson.
7. Kosnir endurskoðendur reikninganna þessir: Steinþór Guðmannss. (7. atkvæði.)
Markús Sigurjónsson (5. — ).
8. Kosnir fulltrúar á sambandsfund
Tobias Sigurjónsson (7 atkvæði.)
Halldór Benediktsson (5 — .)

9 Kosnir í ritnefnd blaðsins „Geisla“
Nefndarmenn: Þorl. Ingim. B. (9. atkvæði.)
Tobias Sigurjónsson (6. — )
Steinþór Guðmanns. (8. — )
Til vara: Þorsteinn. Björn Guðmundss. Mortes Sigurjónss.
Þegar hjer var komið fundinum flutti Steinþ. G. svohljóðandi tillögu:
„Fundurinn samþykkir að allir félagsmenn sendi eina grein eða fleyri frumsamdar, til birtingar í blaðið „Geisla“ fyrir n. k. sumarmál, og var til-laga þessi samþykt með öllum greiddum atkvæðum.
Þá var samþykt á fundinum að festa upp á tveim stöðum hjer á félagssvæðinu, kassa, sem safna ætti í allskonar ritsmíði, bæði frá utan- og innanfélagsmönnum
Fleyra var ekki tekið fyrir á fundinum.
Fundargerð lesin upp og samþykt
Fundi slitið.

Tobias Sigrjónsson
fundarstjóri

Þ. Ingimar Bogason.
(ritari.)

Fundur settur og haldinn að Varmahlíð, af U. M. F. „Fram“ 23 Jan '32
I. Upplestur úr blaðinu „Geisla.“
II. Borin fram tillaga af — Steinþóri Guðmannssyni, þess efnis að félagsmenn ræddu um sérstakar spurningar, til birtingar framvegis, í blaðinu „Geisla.“ Sami m. var frummælandi að ástundvísi, og var það rætt nokkuð og tóku flestir til máls.
III Inngöngu í félagið fengu: — Þorgrímur Jónsson og Ásgrímur Jónsson.
Fundargerð samþykt. Fundi slitið.

Tobias Sigurjónsson
(fundarstjóri)

Hallgrímur Jónsson
(skrifari.)

Hjer vantar fundargerð á milli sem er glötuð.
Fundurinn var settur 14 Febr 1932
Þórleifur H. Bogason
(skr. fél.)

Ár 1932 Mánudaginn 28 Marz
var fundur settur og haldinn í U. M. F. Fram
að Geldingaholti. Mættir voru 12 félagar.
Formaður setti fundinn og nefndi til
fundarstjóra Markús Sigurjónsson. Tók hann
til ritara Halldór Benediktsson.
1. Þá las form upp bréf frá stjórn
S. U. F. S. sem jafnframt var aðal-
fundarboð. Annað efni bréfsins voru
hugmyndir sambandsstjórnar um
sameiginlega íþróttakenslu innan félaga
og einnig um bindindisheit innan
sambandsins. — Pálmi Þorsteinsson tók fyrstur
til máls um efni bréfsins. Áleit hann
sambandið lítilsvirði, eins og það hefði starfað
undanfarið, og taldi heppilegast að það yrði
leyst upp. — Hallgr. Jónsson og form andmæltu
álitu að erfitt yrði um að halda vormót í
héraðinu, ef ekkert samband væri milli
ungmennafélaganna.
Nokkrar umræður urðu um íþróttakenzlu
og bindindismál. Viðvíkjandi hinu fyrra
máli kom fram svohljóðandi tillaga
frá formanni. fél.

„Fundurinn er því meðmæltur að S. U. F. S.
stofni til íþróttanámskeiðs sem víðast á
félagssvæðinu á næsta vetri, og ráði til
þess fastan kennara."
Tillagan samþykt í einu hljóði. —
Engin endanleg ákvörðun tekin í hinu
síðara máli.
Fleyra ekki tekið fyrir, — fundi slitið.

Markús Sigurjónsson fundarstjóri — Halldór Benediktsson ritari.

Sunnudaginn 17 April 1932.
var fundur settur og haldinn í
Varmahlíð af U. M. F. Fram í Seyluhreppi
form fél. Tobías Sigurjónsson setti fundinn
og stjórði honum sjálfur, og nefndi til
ritara Björn Guðmundsson.
Fyrsta mál á dagskrá var bindindismál
Málshefjandi Halldór Benediktsson taldi að
það mundi eiga að vera ofarlega á
stefnuskrá félagsins að hafa bindindi
innan félagsins. —
Steinþór Guðmannsson taldi að það væri

heppilegra (að hafa deildir innan félagsins. Tobías Sigurjónsson las upp bréf frá S. U. T. S. í því bréfi er félagið hvatt til að koma bindindi á innan félagsins. Taldi Tóbías (að það væri gott ef hægt væri að koma bindindi á, - þó væri það ýmsum vandkvæðum bundið. Pálmi Þorsteinsson talaði næstur taldi hann (að menningin og templarafélögin ættu að vinna að þessum málum Hallgr. Jónsson var á móti bindindismálinu. Ingimar Bogason tók næstur til máls taldi hann (að áfengi og tóbak væri til þess að gerspilla heilsu og líkamshreysti manna, og eyða fje þeirra á margan hátt en áleit þó ekki gerlegt að heilt félög gengju í bindindisheit innan sambandsins Björn Guðmundsson tók til máls næst, taldi hann að bindindisheit þyrfti ekki innan félagsins, það ætti hver að vera sjálfstæður í þeim efnum.
Markús Sigurjónsson var á móti bindindisheiti, en taldi þó tóbak og áfengi skaðlegt.

Næstur talaði Aðalsteinn Guðmundsson var hann heldur með bindindismálinu.
Eftir þetta töluðu sumir aftur, og ræddu málið á við og dreif.
Þá kom fram svohljóðandi Tillaga.
„Fundurinn er því mótfallinn, að bindindisheit sje sett í lög S. U. T. S.
Tillaga þessi var samþykt í einu hljóði.
2. Lesið upp blaðið „Geisli“ af Ingimar Bogasyni
3. Geta Íslendingar eingöngu lifað á sinni framleiðslu!
Frummælandi var Tobías Sigurjónsson Taldi hann (að Íslendingar gætu lifað miklu meira á Íslenskum vörum en gert væri. Um þetta mál urðu nokkrar umræður, voru flestir á sama máli og frummælandi.
Mættir voru 15 félagar á þessum fundi.
Þá var fundargerð lesin upp og samþykt.

Fleyra ekki tekið fyrir
Fundi slitið.

Tóbías Sigurjónsson.
fundarstjóri.

Björn Guðmundsson
ritari.

Sunnudaginn 27 Nóv 1932 var fundur
í U. M. F. „Fram,“ settur og haldinn í Gellingah.,
Form. fjel. Tobías Sigurjónsson setti fundinn
og stjórnaði honum. Tók hann Björn Guðmundsson
sjer til ritara. Á fundinum voru mættir 10. fjel.

Þetta gerðist á fundinum:

Lesin upp fundargerð frá S. U. Í. S., og lesið
upp bréf frá S. U. Í. S.
Fyrsta grein bréfsins um íþróttir og hjeraðsmót:
Það hafði verið ákveðið á sambandsfundi að
sambandið kostaði mann til að ferðast milli
félaganna, til að halda fyrirlestra. Sömuleiðis framur
óskað eftir þátttöku í íþróttum. – Kosnir
í íþróttanefnd. – Halldór Benediktsson
Björn Guðmundsson Þorsteinsson.
Þá var minst á Þjóðræknismálið, og bar
form. fjel. það undir fundinn hvort Ungmenna-
félagið vildi vera í félagi með Kvenfélaginu
hjer í hreppi, með að koma upp trjáreitnum
– og var það samþykt, í einu hljóði.
Á fundinum var ákveðið, að hafa á Steinnesi
fjel. í vetur rammaútskurð, og þessháttar.
Þar næst voru þessir menn kosnir til
að lesa upp á næsta fundi:

Magnús Sigurðsson  Björn Guðmundsson.
Tobías Sigurjónsson. Brynleifur Sigurjónsson.
Næsti fundur ákveðinn 11 des. n.k. í Varmahlíð.
Fleyra gerðist ekki á fundinum. Fundi slitið.

Fundargerð samþykt.

Tobías Sigurjónsson. Björn Guðmundsson.
(Fundarstjóri.) (skrifari.)

Laugardaginn 14 Jan 1933, var fundur haldinn að Geldingaholti: — Tobías Sigurjónsson form félagsins setti fundinn, og nefndi til til fundarstjóra:
Halldór Benediktsson, — en hann til fundarritara: Brynleif Sigurjónsson. Tobías Sigurjónsson talaði fyrst, og talaði hann um trjárækt.
Hann sagði að blettinum sem hugsað hefði verið að fá hjá ríkissjóð, væri oflítill, því ósk hefði komið frá Kvenfélagi Sauðárkróks, um að fá að verða með, og fanst honum ekki gjörlegt að byrja með minna en 3 dagsláttur.
Hann sagði að hægt væri að fá blett í Grófargils-landi. Ennfremur sagðist hann hafa talað við Valdimar í Vallanesi, um að fá blett í Brekkupartinum, og vildi Valdimar leigja hann í 50-60 ár fyrir 15 kr. á ári.
Hann sagði að Kvenfélag Sauðárkróks héldi að það gæti fengið styrk hjá Kvenfélagssambandinu.
Hann sagði líka að samband ungmennafélaganna mundi eitthvað styrkja þessa trjárækt.
Næst talaði Björn Guðmundsson og sagðist vera þessu samþykkur.
Svo talaði Halldór Benediktsson, og sagði að eftir því sem meiri þátttaka yrði eftir því væri

þaf gjettara fyrir félagið.
Því næst talaði Tobias Sigurjónsson, og sagði hann að girðing utanum 3 dagsláttur, væri eitthvað nálægt 400 metrar, og vírnet mundi kosta um kr. 200.00 og staurar um kr. 60.00, og ef sáð yrði birkisfræi í blettinn, mundi það kosta um kr. 30.00. Því næst var borin upp svohljóðandi tillaga: „Fundurinn telur æskilegt að sem flestir héraðsbúar styrki að stofnun hins fyrirhugaða trjáreits, og telur félagið þakklsamlega hjálp hvers þess félags eða einstaklings, sem vill styrkja það í þessu máli."
Tillagan samþykkt í einu hljóði.
Í félagið gengu: Hallur Jónasson Amaldur Jónsson
Fundi slitið.
Halldór Benediktsson (fundarstjóri) Brynleifur Sigurjónsson (fundarskrifari)

# Aðalfundur. — U.M.F. Fram.
settur og haldin að Varmahlíð 30 Jan 1933.
Mættir 14 félagar.
Þessi mál á dagskrá:
I Lesnir upp reikningar félagsins og samþ.
Eign félagsins kr: 594.23.
II. Félagatala 23. Störf félagsins. Sjö fundir haldnir á árinu þrjú blöð gefin út.
III. Trjáreitsmálið. Har. Jónasson vildi láta félögin hér í hreppi, vera ein um garðinn.
Sig. G. vildi láta öll félög sveitarinnar taka þátt í þessu máli.
IV Form. óskaði eftir áliti félaga um blaðaútgáfuna hvert það ætti að koma út á næstkomandi ári.
Samþykkt að halda því út.
V. Pálmi Þorsteinsson hreyfði því að byggja litla yfirbyggða sundlaug. H. Benediktsson óskaði eftir að þetta mál yrði flutt á sambandsfundi í vor af fulltrúum vorum.
VI. Ólafur Bragason gekk í félagið
VII. Kosningar. Í stjórn: Pálmi Þorsteinsson (10 atkv.) Halldór Benediktsson (10 atkv.) Ingimar Bragason (6 atkv.)
Varastjórn: Haraldur Jónasson (5 atkv.) Steinþór Guðmundsson (4 atkv.) Sigurður Sigurjónsson (4 atkv.)

Endurskoðendur reikninganna.
Haraldur Jónasson Björn Gutmundsson
Ritnefnd. blaðsins. „Geisla": Tobias Sigurjónsson.
Steinþór Gutmannsson Halldór Benediktsson.
Fulltrúar á sambandsfund. –
Halldór Benediktsson (8 atkv.) Tobias Sigurjónsson (8 atkv.)
Varamenn: Har. Jónasson (5 atkv.) Sig. Sig. (2 atkv.)
Fjárreiktarnefndin endurkosin með lófaklappi.
Málefnanefnd á næsta fund. – Sig. Sig. Har. Jónasson.
VIII. Stjórninni er falið að semja við Kvenfélagið, um útiskemtun í vor eftir ósk þess.
Fleyra ekki tekið fyrir. Fundi slitið
Tobias Sigurjónsson formaður (fundarstjóri.) Steinþór Gutmannsson. p.t. ritari.

Ár 1933 Sunnudaginn 26 Mars var fundur haldinn að Varmahlíð, í ungmennafélaginu „Fram." Fundinn setti form. fél, Halldór Benediktss. og nefndi fundarstjóra Björn Gutmundsson. og hann til ritara Arnald Jónsson.
1. Lesið upp blað fél. Form. las upp blaðið, og hafði það inni að halda ritgerð um útiíþróttir
2. Mötnaður. Framsögumaður Sigurður Sigurjónsson Talaði f. s. m. mötnað hverjum manni nauðsynlegan, og einhvern sterkasta þátt til hverskonar framkvæmda. Um málið urðu nokkrar umræður og voru flestir frummælanda samþykkir.
3. Form. las upp bréf er hann hafði ritað bindindisnefnd S. U. F. S.
4. Fundarstjóri mæltist til þess að fulltrúar á sambandsfund S. U. F. S. hreifðu því hvort sambandið vildi styrkja sundlaugarbygginguna.
5. Steinþór Gutmannsson. talaði sundlaug óþarfa, en hélt því fram að betra væri að styrkja Kvenfélagið til spunavjelarkaupa.
6. Sigurjón Jónasson. ræddi um heyskap fyrir félagið
7. Björn Gutmundsson. talaði um að fá sjónleikjaleið til að halda í Aussamkomu í sambandi við Kvenfélag Seyluhrepps
8. Sigurjón Jónasson ræddi um hina fyrirhuguðu samkomu
9. Tveir menn kosnir til að koma með málefni á næsta fund, og voru það þeir Helgi Sigurðsson. og Sigurjón Jónasson. Fundi slitið.
10. Næsti fundur ákveðinn 13 April kl 3 e.m.

Björn Gutmundsson. (fundarstjóri.) Arnaldur Jónsson. (fundarskrifari)

Ár 1933. 29 April var fundur settur og haldinn af U. M. F. Fram að Varmahlíð
Fundinn setti form. til Halldór Benediktsson og tilnefndi Aðalstein Guðmundsson til fundarstjóra. en hann til skrifara Ólaf Bogason
1 Sigurjón Jónasson kom með málefni á fundinn „Hver er besta eign mannsins?"
Var dálítið um það rætt og voru flestir því sammála að besta eign mannsins væri góð heilsa.
Sigurjón mintist einnig á annað málefni, þess efnis, hvort væri betra bjartsýni eða svartsýni.
Um það mál var ekkert rætt.
Steinþór Guðmundsson. talaði um, hvort félagsmenn vildu ekki styðja að því að koma á sjúkrasamlagi hér í hreppi
Umræðum um það mál frestað.
Fundi slitið.
Aðalsteinn Guðmundsson. (fundarstjóri.) Ólafur Bogason (skrifari.)

Árið 1935 þriðjudaginn 5. nóv. var fundur settur og haldinn í U. M. F. „Fram" að Varmahlíð.
Fundinn setti Ingimar Bogason á Skörðugili þar sem sjálfur form. Halldór Benediktsson á Fjalli sást ekki þrátt fyrir það þó komið væri: 4½ klst. fram yfir boðaðan fundartíma og hann hefði engin forföll tilkynnt.
Ritari var tilnefndur Haraldur Jónasson Völlum.
Mættir á fundi 7 félagar. —
Þetta gjörðist á fundinum:
1. Fundarstjóri gat þess að stjórn ungmennafélagsins hefði tekið á leigu salinn hér í Varmahlíð, ásamt 2 herbergjum, og aðgang að eldhúsi þegar samkomur væru haldnar og væri gjörður um þetta skriflegur samningur við eiganda hússins, Vigfús Helgason.
og væri nú ákveðið að bera þennan leigusamning undir fundinn og láta greiða atkvæði um hann.
Ef að það reyndist nú svo að meirihlutinn væri þessu mótfallinn þá mundu þeir sjálfir taka þetta á leigu.
Leigan fyrir ~~þetta~~ tímabil frá 1 nóv til aprílloka væri kr: 300,00
Sagðist hann (fundarstjóri) álíta heppilegt

fyrir félagið að taka þetta á leigu. Því þó
ekki þyrfti að gera ráð fyrir neinum
peningalegum hagnaði, þá áliti hann að
félagið mundi eflast og þroskast, þar sem
það ætti aðgang að svo góðum húsakynnum
til fundarhalda og skemtana, og á þann
hátt yrði það til hagsbóta.
Þá er hjer var komið fundi mætti formaður
og lýsti yfir því, að hann væri svo síðla
mættur á fundi, vegna misskilnings á boðum
fundartíma, sem að sig hefði minnt að boðaður
hefði verið kl 4 (sumakl) síðdegis, í samráði
við meðstjórnendur sína.
Þá var borið undir atkvæði hvort fjelagið ætti
að ganga að leigusamningnum, og var það
samþykt með öllum greiddum atkvæðum, og
var stjórninni falið að hafa umsjón með
hinum leigðu húsakynnum, og reyna að
hafa ~~ekki~~ eins mikið upp úr þeim fyrir
félagið, og hægt væri.

2. Þá gengu í félagið:
a) Halldór Björnsson Seylu
b) Friðrik Sigurðsson. s. st.
c) Jónas Jónasson. Hátúni

3. Samþykt var að halda skemtisamkomu
nú í Nóv. og voru þessir kosnir í skemtinefnd
Ingimar Bogason
Helgi Sigurðsson.
Sigurjón Jónasson.
Til vara: Friðrik Sigurðsson.

4. Þá las Ingimar Bogason upp erindi er
hann hafði flutt 30 des. 1932.

5. Ákveðið að halda (~~næst~~) fund næst, Sunnudag-
-inn 24 nóv kl 3 síðdegis, og ákveðið að reyna
að byrja stundvíslega.

Fleyra eigi fyrir tekið
Fundargjörð upplesin og samþykt
Fundi slitið

Þorleifur Ingimundarson (fundarstjóri.)
Har. Jónasson (ritari.)

Fundurinn sem ákveðinn var 24 Nóv,
~~for~~fallaðist vegna veðurs.
Þ.J.B.

Ár 1936 laugardaginn 4 jan var settur og haldinn fundur í U.M.F. Fram í Varmahlíð. Fundinn setti form fél Halldór Benediktsson og stjórnaði honum. Ritari var Tobías Sigurjónsson

Þessar voru gerðir fundarins:

1. Formaður skýrði frá því að búið væri að greiða húsaleigu þá er fallin væri í gjalddaga að upphæð Kr: 150,00,— en tekjur félagsins af húsinu, og skemtunum þess voru Kr: 126,23/100
2. Þá talaði form fél um fyrirhugaða leikfimiskenslu. Var ákveðið að fyrsta æfing skildi vera síðdegis þann 12 þ.m.
3. Þá var rætt um sundlaugarbygginguna, og þar er Kvenfélag Seyluhrepps hafði hafi þetta mál til meðferðar líka, var form falið að reyna að koma því til leiðar, að haldinn yrði sameiginlegur fundur beggja félaganna um málið á næstunni
4. Aðalfundur ungmennafélagsins ákveðinn Sunnudaginn 12 þ.m. — Fleyra ekki tekið fyrir

Fundargjörð upplesin og samþykt.

Fundi slitið.

Halldór Benediktsson — Tobías Sigurjónsson
fundarstjóri: — skrifari.

# Félagaskrá 4 jan 1936

| | Nafn | | Gengu í félagið |
|---|---|---|---|
| 1. | ~~Ásgrímur Jónsson~~ | | 23 jan 1932 |
| 2. | ~~Arnaldur Jónsson~~ | Úrsögn 26 jan 1937 | 14 jan 1933 |
| ×× 3. | Brynleifur Sigurjónsson | | 8 Mars 1931 |
| 4. | ~~Friðrik Sigurðsson~~ | | 5 Nóv 1935 |
| 5. | Haraldur Jónasson | | |
| 6. | Halldór Benediktsson | | |
| 7. | ~~Helgi Sigurðsson~~ | | 4 jan 1931 |
| ×× 8. | Hallur Jónasson | | 14 jan 1933 |
| ×× 9. | Halldór Björnsson | | 5 Nóv 1935 |
| 10. | Ingimar Bogason | | 16 jan 1929 |
| 11. | Ingimar Sigurjónsson | | 4 jan 1931 |
| 12. | ~~Jón Gunnlaugsson~~ | | 4 jan 1931 |
| 13. | ~~Jónas Jónasson~~ | | 5 Nóv 1935 |
| 14. | ~~Magnús Sigurðsson~~ | | |
| 15. | Markús Sigurjónsson | | |
| 16. | ~~Steinþór Guðmundsson~~ | Úrsögn 26 jan 1937 | 16 jan 1929 |
| 17. | Sigurður Sigurjónsson | | |
| 18. | Sigurjón Jónasson | | 22 Febr. 1931 |
| 19. | Tobías Sigurjónsson | | |
| 20. | ~~Vigfús Sigurjónsson~~ | | |
| Viðbót 21. | ~~Þorgrímur Jónsson~~ | | 23 jan 1932 |
| 22. | ~~Guðmundur Gunnarsson~~ | | 26 Desemb 1935 |
| 23 | ~~Halldór Þórlason~~ | | 26 Desemb 1935 |

Nr

| | | | |
|---|---|---|---|
| xx24. ~~Hörður Jónsson~~ | 26 Desemb. | 1935 |
| 25. ~~Haraldur Pétursson~~ | 26 Desemb. | 1935 |
| \`26. Jónas Haraldsson | 26 Desemb. | 1935 |
| xx27. Eiríkur Valdimarsson | 3 Mars. | 1936 |
| \`28. Guðvin Ó. Jónsson | 10 April | 1936 |
| 29. ~~Indriði Þorsteinsson~~ úrsögn 26 jan 1937 | 10 April | 1936 |
| \`30. Hjalti Jónsson | 3 jan | 1937 |
| \`31. Benedikt Sigurðsson heiðursfélagi | | |
| \`32. Páll Sigurðsson heiðursfélagi | 25 April | 1936 |

Viðbætir.

\` Sigmundur Pálsson Holtskoti.
\` Jónas Sigmundsson Halldórsstöðum
xx Magnús Blöndal Litlu Gröf.
\` Þorgrímur Jónsson Húsabakka. (endurreistur)

Félagatala 9 Febrúar 1941
Heima 17 félagar. Fjarverandi 6. Alls 23. fél.

Ár 1936 sunnudaginn 12 jan, (um kl. 6 e. h. var fundur settur og haldinn í U. M. f. Fram að Vatnahlíð formaður setti fundinn, og stjórði honum, og ~~nefndi~~ hann til skrifara Ingimar Bogason ritara fél. Þá skýrði form, frá því að aðalfundi,-sem ákveðinn var þennan dag,- yrði að fresta, vegna þess hve þessi fundur væri fámennur. Á fundi sátu aðeins 10 félagsmenn —
Þá óskaði formaður eftir áliti fundarmanna um sundlaugarbygginguna, og mintist á samvinnu við Kvenfélagið í þessu máli; og bað hann fundarmenn að láta skýrt álit uppi í málinu og hefja fjörugar umræður.
Tobias Sigurjónsson tók þá næstur til máls, og taldi hann sundlaugarbygginguna nauðsynlega, en áleit að gætilega þyrfti að fara af stað í málinu og byggja laugina á minst 2 árum.
Ennfremur taldi hann samvinnu við Kvenfélagið sjálfsagða, og lagði væntanlegur til að kosin yrði 3ja manna nefnd í þessu máli:
Fundarmenn tóku nú til máls hver af öðrum og voru allir sundlaugarbyggingunni samþykkir, og ~~s~~ samvinnu við Kvenfélagið í því máli og lofuðu fundarmenn þeim styrk til þessa máls

er þeir framast gátu veitt.
Þegar hjer var komið fundi, var samþykt
ósk fundarmanna, kosin 3ja manna nefnd
til að starfa fyrir samkomuhúsmálið.
Þessir hlutu kosningu:
Halldór Benediktsson (8 atkv.)
Tobías Sigurjónsson (6 — " — )
Ingimar Bogason. (6 — " — )
Varamenn voru kosnir:
Haraldur Jónasson (3 atkv.)
Sigurður Sigurjónsson (3 — " — )
Magnús Sigurðsson. (2 — " — )
Þá var næsti fundur ákveðinn
Sunnudaginn 26 jan n.k. kl 6 e. h.
og ákveðið að reyna að halda þá aðalfund
félagsins ef mögulegt yrði vegna
fundarsóknar og veðurs.
Fleyra ekki tekið fyrir.

Fundi slitið

Halldór Benediktsson
(fundarstjóri)

Ingimar Bogason
(skrifari.)

Ár 1936. 26 – 12 kl 6 e. h. var aðal-
fundur U. M. F. „Fram“ settur og haldinn að
Varmahlíð, af formanni félagsins, —
Halldóri Benediktssyni, – og nefndi hann
til ritara fundarins, Ingimar Bogason
Formaður bauð þá fundarmenn velkomna
(Mættir voru á fundi 12 félagar.)
og skýrði því næst frá starfsemi félagsins
að undanförnu. Þá las gjaldkeri félagsins
Haraldur Jónasson upp reikninga félagsins
yfir árin 1933 '34 '35. og sýndu þeir hreina
eign fél. kr: 642, 73. – og skýrði hann frá
því með sundurliðuðum tölum, hvar þessi
fjáreign stæði. Reikningarnir voru því
næst samþyktir með öllum greiddum atkv.
eftir litlar umræður. Þá skýrði form.
frá framtíðarstarfsemi félagsins, og ræddi
aðallega um fyrirhugaða samkomuhúsbygginguna
og skýrði frá því sem búið væri að gera
í þessu máli. Ennfremur skýrði form frá
því að hann væri nú þegar kominn að ákveðna
leikfimiskenslu í Varmahlíð sem sjerstaklega
væri ætluð ungmennafélögunum til afnota.
Form kvaðst sjálfur mundi annast
kensluna og ókeypis eftir góðri þátttöku.
Æfingar færu fram tvisvar í viku fyrst um sinn.

Næstur talaði Ingimar Bogason og taldi upp nokkur mál sem gætu verið á stefnuskrá ungmennafélaga, rakti hann nokkuð í sundur hvers vegna þessi mál ættu erindi til félagsskaparins, og hvaða gagnsemi og heilbrygðan hugsunarhátt, með vaxandi þroska í lífi einstaklinga og félaga, þau gætu til leiðar komið. — Umræður urðu um þessi mál, og tók fyrstur til máls Tobías Sigurjónsson ræddi hann um þau á við og dreif, og taldi hann ekki ráðlegt að hafa mörg mál á stefnuskrá félagsins, en nauðsynlegt væri þó að láta ýms mál sem gætu verið þýðingarmikil og nútímans mál, koma til umræðu og gagnrýni á fundum félagsins, og mynda sér afstöðu gagnvart þeim, á komandi tímum.
Haraldur Jónasson talaði næstur, um framsögumál Ingimars Bogasonar. Taldi þessi ræðumaður Íþróttamál og Sundlaugarmál með fremstu málum, sem ættu að standa á stefnuskrá félagsins, og ennfremur að æfa að koma hugsunum sínum fram á fundum, – í þeim málum sem fyrir kynnu að koma, – í föstu og einarðlegu máli, í ræðuformi, sem væri mjög nauðsynlegt fyrir alla unglinga að venja sig á.
Vegna þess að álitið var nú orðið fundartíma og kosningar lágu fyrir, að verkefnum fundarins var frekari umræðum frestað, um þessi mál.
Þá bar fundarstjóri upp svohljóðandi munnlega tillögu: „Fundurinn samþykkir að félagið beiti sér fyrir sundlaugarbyggingu svo fljótt sem unt er
tillagan samþykt með samhljóða atkvæðum.

Þá gengu í félagið þessir:
a) Jónas Haraldsson b) Hörður Jónsson c) Halldór Pistason
d) Haraldur Pétursson e) Guðmundur Gunnarsson

Kosningar í stjórn:
Halldór Benediktsson 12 atkv. Ingimar Bogason 11 atkv.
Magnús Sigurðsson 7 atkv.
Varastjórn Tobías Sigurjónsson 5 atkv
Haraldur Jónasson 4 atkv Sigurður Sigurjónsson 1 atkv
Endurskoðendur reikninganna.
Halldór Pistason Sigurður Sigurjónsson.
Fulltrúar á sambandsfund
Halldór Benediktsson Haraldur Jónasson.

Fleyra ekki tekið fyrir.
Fundargjörð upplesin og samþykt
Fundi slitið

Halldór Benediktsson (fundarstjóri) Ingimar Bogason (skrifari)

Ár 1936 Sunnudaginn 23 Febrúar var fundur haldinn í U.M.F. Fram. Formaður setti fundinn, og nefndi til fundarstjóra Friðrik Sigurðsson - og hann síðan til ritara Guðmund Einarsson. Mættir voru 12 fél.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Ingimar Bogason hafði framsögu á ýmsum málefnum sem félaginu bæri að taka til athugunar; þar á meðal Bindindismáli Dýraverndun Slysatryggingu og Pólitýskum málum m. m. Ennfremur ræddi hann um hve gagnlegt það væri að menn reyndu að sýna áhuga fyrir því að gagnrýna hvert mál, og finna kosti þeirra og galla, ennfremur hvatti hann félagsmenn til þess að ganga djarflega fram í því að hefja umræður, og glata þannig ræðumannshæfileika þá, (þ) sem hver og einn mundi eiga eitthvað af í sjálfum sér. Taldi hann að málsnjallir menn mundu jafnan vinna meira á, en hinir sem ljetu lítið á sjer bera á ræðupalli, og myndi mega kalla hvern þann hættulega málskan, sem jafnan fylgdi rjettlætinu að málum, en af því væri nú einþá svo lítið í heiminum, og myndi því órjettlátt kalla þessa andstæðinga sína hættulega málska. Óskaði ræðumaður að U.M.F. „Fram" hefði þannig hættulega marga málskumenn undir sínum merkjum. Sami maður talaði um að U.M.F. Fram keypti hluti í happdrætti Skálholts ef ske kynni að það yrði til tekjuaukningar fyrir félagið.

2. Næstur tók til máls Arnaldur Valfoss, og ræddi um framsögumál fyrsta ræðumanns, á við og dreif. Þá óskaði þessi ræðumaður eftir að byrjað yrði aftur á blaðaútgáfu, og taldi hann illa farið að félagar skildu láta sitt gamla blað „Geisla" sofna útaf vegna áhugaleysis og efnisvöntunar. Óskaði hann eftir því að menn færu nú að sýna nýjan áhuga fyrir þessu máli.

3. Formaður félagsins H.B. tók þá næst til máls ræddi hann nokkuð þau mál sem fram höfðu komið og lýsti því yfir að hann væri fyrsta ræðumanni samþykkur í mörgum höfuðatriðum þeirra mála, er hann flutti, talaði hann um að tekin væri föst ákvörðun um það hvaða mál yrðu aðallega flutt á hverjum fundi, framvegis, svo að menn væru ekki óviðbúnir, að ræða málin.
Ennfremur, var hann blaðaútgáfu frekar hlyntur.

4. Magnús Sigurðsson tók nú næstur til máls talaði hann um þau mál sem frekast ættu að standa ofarlega á stefnuskrá félagsins, svo sem Íþróttamál, og öll heilbrygðismál, ennfremur samvinnumál eða félagssamtök, þar sem allir

stæði saman sem einn maður, með öll átök til gagnlegra framkvæmda.

5. Síðan var rætt á við og dreif um ýmis mál og tóku margir til máls.

Þegar hjer var komið fundi, kom fram svohljóð-andi skrifleg tillaga frá formanni fjelagsins.

„Fundurinn samþykkir að fjelagið gefi út blað, er komi út vikulega, og sjeu fjelagar skyldir að sjá fyrir efni þess. Birta skal í blaðinu allar aðsendar greinar nema þær feli í sér persónulegar árásir á utanfjelagsmenn. Kjósa skal einn mann sem annast ritstjórn blaðsins, og skulu ennfremur tveir menn kosnir til að aðstoða ritstjóra, og skera þeir úr um það hvað birtast skal í blaðinu af aðsendu efni. Heimilt er utanfjelagsmönnum að senda greinar í blaðið. Ritstjóri hreinritar síðan efni blaðsins inn í bók, sem sje í hálfrar arkar stærð, og skal blaðið lesið upp á fundunum af ritstjóra og aðstoðarmönnum hans, sem sjeu ábyrgir fyrir því sem í blaðinu birtist."

6. Þessu næst var fyrir tekið hvað blaðið skyldi heita, og voru 2 nöfn borin fram. „Framtíðin" og „Nýja brautin", voru þá greidd atkvæði um það hvort nafnið yrði tekið upp og fjell helmingur atkvæða á hvort nafn, var þá dregið um nöfnin og kom „Framtíðin" upp. Þá var kosinn ritstjóri: Arnaldur Valfoss með samhljóða atkvæðum. Honum til aðstoðar við ritstörfin voru kosnir: Halldór Benediktsson og Ingimar Bogason.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 3 Mars, og ákveðið að lesa þá fyrsta blaðið af „Framtíðinni" og ennfremur að fundarmenn hefðu til umræðu þessa spurningu: „Hver er besta vörn við áfengisnautn."

Þá var fleyra ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Friðrik Sigurðsson
fundarstjóri.

Guðmundur Gunnarsson
skrifari.

Ár 1936, sunnudaginn 22 marz var fundur settur í U.M.F. Fram að Varmahlíð.
Formaður setti fundinn og nefndi til fundar-stjóra Jónas Haraldsson, en hann síðan til ritara Hall Jónasson

Gjörðir fundarins:

1. Friðrik Sigurðsson tók fyrst til máls og skýrði frá ágóða þeim er fjelagið hlaut af skemmtisamkomu þeirri er haldin var fyrir fjelagið 7 mars. Hreinar tekjur af samkomunni voru Kr: 6.80. — Þá talaði Ingimar Bogason og lýsti því yfir að sparnaðar hefði ekki verið nógilega gætt, í sambandi við þessa samkomu en þakkaði skemmtinefnd að öðru leiti fyrir það, sem hún hefði kunnað að leggja á sig fyrir fjelagið, með störfum sínum.

2. Magnús Sigurðsson bað nú um orðið, og áminti fjelagsmenn um að nauðsynlegt væri að taka sér störf fyrir hendur, og í því sambandi eggjaði hann fjelagsmenn mjög á það, að reyna að koma á kartöflurækt í stórum stíl, á næsta vori. Lagði ræðumaður fram reikning yfir áætlaðan kostnað, yfir tekjur og gjöld, í þessu sambandi. Arnaldur Jónsson bar fram tillögu um það að fá á leigu hjá Sigfúsi Helgasyni í Varmahlíð, kartöflugarðstæði, og var tekið dauflega í þá tillögu

Þá töluðu þessir: Halldór Benediktsson Guðmundur Gunnarsson. Ingimar Bogason Friðrik Sigurðsson. Magnús Sigurðsson Arnaldur Jónsson, á við og dreif um þetta mál, og voru allir því sammála að reyna að koma á kartöflurækt, n.k. vor, og reyna að fá land til umráða, og brjóta til ræktunar.
Þá kom fram ákveðinn vilji fundarmanna um það að kjósa nefnd fyrir þetta mál.
Þá var gengið til útnefndar kosninga, og hlutu þessir kosningu til þess að vinna fyrir þetta mál og undirbúa það rækilega, hið allra fyrsta. — Halldór Benediktsson Magnús Sigurðsson. Sigurður Sigurjónsson.

3. Þá var rætt nokkuð um hið nýstofnaða blað sem hafði ekki komið út enn þá, sökum þess að efni hafði ekki borist til ritstjóra til byrtingar í blaðið. Var nú ákveðið að menn reyndu að sjá blaðinu fyrir efni nú á næstunni. Þá var fleyra ekki fyrir tekið og sagði fundarstjóri fundi slitið.

Jónas Haraldsson
fundarstjóri.

Hallur Jónasson
skrifari.

Af vangá fjell þessi fundargerð úr rjettri röð.

Þriðjudaginn 3 Mars 1936 var fundur í U.M.F. „Fram“ settur og haldinn að Varmahlíð.
Fundinn setti formaður fjelagsins H. Benediktsson og nefndi til fundarstjóra Magnús Sigurðsson og fundarstjóri sem ritara Friðrik Sigurðsson.
Mættir voru á fundi 10 fjelagar.

Þetta gerðist á fundinum:
I. Fyrsta mál á dagskrá var um skemmtisamkomu. Þá tók til máls H. Benediktsson, og skýrði frá því að fjelagið væri svo fjárhagslega illa statt að það yrði að reyna að halda samkomu, til þess að fá peninga upp í húsaleiguna.
Og var það samþykt, af fundarmönnum.
Síðan var samkoman ákveðin laugardaginn 7-4.
II. Kosnir í skemmtinefnd Jónas Haraldsson, Ingimar Sigurjónsson. Friðrik Sigurðsson.
III. Fundarstjóri lagði fram svohljóðandi fyrirspurn til fundarmanna. „Hver er besta vörnin við áfengisnautn“. A. Valfoss tók nú til máls og sagði að besta vörnin væri það, að þjóðin yrði svo mentuð, að hún sæi það, hvað þetta væri henni skaðlegt. Hvað hann að þetta ætti langt í land.

Næstur tók til máls H. Benediktsson, taldi hann áfengisnautn ekki skaðlega, ef að áfengi væri notað í hófi. Kvað hann að eina leiðin gegn áfengisnautn væri aukin íþróttastarfsemi því að eina leiðin, til að verða góður íþróttamaður væri, – að vera bindindismaður.
Rökstuddi hann þetta vel. – Sagði ræðumaður ennfremur að íslenska ríkisstjórnin hefði ekkert gert til að sporna við drykkjuskap. Sagði hann að í Sovét Rússlandi hefði stjórnin sett að skilyrði, að allir embættismenn væru bindindismenn. Síðan var málið tekið útaf dagskrá.
IV Mál. „Hvernig eiga menn að skifta sjer í pólitíska flokka“. Þá tók til máls háttvirtur ritstjóri A.V. og talaði um að það væri ákaflega óviðeigandi að smábændur fylgdu auðvaldinu í Reykjavík, en síðar sagði hann að menn ættu að skifta sjer í pólitíska flokka eftir sannfæringu sinni. – Annars sagði hann að þetta mál hefði verið borið fram til þess að losa um málbeinið á fundarmönnum.
Næstur talaði H. Benediktsson, og sagði hann að pólitík væri hagsmunamál, og taldi að fólk ætti að fylgja þeim flokki, sem inni

at þeirra hagsmunamálum, og sagði at menn ætti at fylgja málefnunum en ekki mönnum. Fleyra ekki tekið fyrir til umræðu.

Fundi slitið.

Magnús Sigurðsson fundarstjóri — Friðrik Sigurðsson skrifari.

## Fimtudaginn 10 April 1936

var fundur settur og haldinn at Varmahlíð. Mættir voru 16 félagar.
Í fundarbyrjun gengu í félagið Guttormur Jónsson og Indriði Þorsteinsson.
Formaður setti fundinn, og nefndi til fundarstjóra Halldór Gíslason, en hann til skrifara Halldór Benediktsson. Þetta gerðist á fundinum
I Lesin upp fundargerð síðasta fundar.
Nokkrar umræður urðu um síðustu skemmtisamkomu félagsins, og varð sú endanleg niðurstaða, at ágóði hefði orðið kr 8.15 en ekki eins og talið er í síðustu fundargerð.
II Þá las A. Valfells upp tvær greinar, er hann hafði ritað í blað félagsins. Deildi á áhugaleysi félagsmanna, í garð blaðsins, og hvatti þá til at senda efni. — Þá talaði M. Sigurðsson og lýsti vantrausti á ritstjóranum. Kvaðst hafa fengið endursenda grein er hann sendi blaðinu. Ingimar Bogason og Friðrik Sigurðsson, töluðu einnig í þessu blaðmáli. Ritstjórinn varðist af hinni mestu snilld og hreysti, og varð sú viðureign hin frægasta, og mátti eigi milli sjá hvor betur hefði. — Fundarstjóri hvatti menn til at eyða ekki tíma í slíkar umræður, en ræðumenn tjeðu slíkar áminningar sem vind um eyrun þjóta.
Loks var þó málið tekið út af dagskrá, án þess at nokkur ályktun væri gerð.
III Þá var tekið fyrir þriðja málið en það var fyrirhuguð skemmtisamkoma félagsins. Voru skoðanir manna nokkuð skiftar, um hvað heppilegast væri í þessu efni.
Svohljóðandi tillaga kom frá Aðalsteini V. Jónssyni. „Fundurinn samþykkir at félagið haldi dansleik á laugardaginn síðastan í vetri.“
Tillagan feld með öllum greiddum atkvæðum
Ákveðið var at halda lokasamkomu félagsins eftir sumarmál. Í samkomunefnd voru kosnir: Halldór Gíslason 15 atkv. Halldór Björnsson 13 atkv. Magnús Sigurðsson 11 atkv. Tobías Sigurjónsson 11 atkv. Guðmundur Gunnarsson 7 atkv.

IV þá tók M. Sigurðsson til máls, og stakk
upp á hvort félagar vildu nokkurs
minnast stofnenda félagsins, minntist
í því sambandi á Pál bónda í Holtskoti
sem eins af stofnendum félagsins, og hvort
félagar vildu nú gera hann að heiðursfélaga
Tobías í Holti mælti með þessari tillögu, en
taldi að fleyri stofnendur félagsins, væru
búsettir hér í sveitinni.
V þá var ritara fól, Ingimar Bogasyni falið
að hreinrita lög félagsins, með áorðnum
breytingum, til upplestrar á næsta fundi
Magnús í Torfgarði stakk upp á að félagið
gengist fyrir að haldinn yrði fundur um
stjórnmál, áður en húsinu yrði skilað.
Fleyri tóku í sama streng. Samþykt að vísa
málinu til stjórnar félagsins, til athugunar
Næsti fundur ákveðinn á annan í páskum.
Fundargerð upplesin og samþykt.

Fundi slitið.

Halldór Gíslason
fundarstjóri

Halldór Benediktsson.
skrifari.

Ár 1937 Sunnudaginn 3 jan. kl. 5 e.h. var settur og haldinn fundur í U.M.F. Fr. að Varmahlíð. Fundinn setti form. fél. Halldór Benediktsson og stjórnaði honum sjálfur. Til skrifara á fundinum nefndi hann Ingimar Bogason.

Dagskrá fundarins:

1. Um garðrækt. Málið var tekið út af dagskrá eftir ósk form. garðræktarnefndar, og látið bíða til næsta fundar eða aðalfundar.
2. Sundlaugarbygging
3. Ýms mál. -- Mættir voru á fundi 16 félagar.
4. Í byrjun fundarins gékk í fél. Hjalti Jónsson

Þá tók form. til máls og gaf fundarmönnum þær upplýsingar í sundlaugarmálinu sem hann hafði á reiðum höndum. Skýrði hann frá því að Árni Hafstað væri staddur hér á þessum fundi, sem fulltrúi frá stjórn Menningarfélags Skagfirðinga, til að ræða við félagsmenn um væntanlega samvinnu í sundlaugarmálinu. Þá óskaði form. eftir áliti félagsmanna um það hvað þeir gætu lagt fram af dagsverkum til sundlaugarbyggingar. Þá kom fram svohljóðandi tillaga frá sundlaugarnefnd U.M.F. Fram:

„Fundurinn ákveður að leggja fram til sund-
-laugarbyggingar við Reykjarhól - kr 1500.00
að mestu í vinnu, og veitir sundlaugarnefnd
fulla heimild til að semja við stjórn Menn-
-ingarfélags Skagfirðinga um sérstök réttindi
til sundlaugarinnar gegn þessu tillagi."
- Útaf tillögunni urðu talsverðar umræður
og tóku margir til máls. og var rætt um
málið á við og dreif.
Árni Hafstað skýrði afstöðu stjórnar Menningar
félags Skagf.. gagnvart sundlaugarmálinu, og
upplýsti hverskonar samvinnu sú stjórn
óskaði sérstaklega eftir við U. M. F. Fram.
i Seyluhreppi, og mælti hann á þá leið að
U. M. Fjelagið hér mundi að ~~[illegible]~~ sjálfsögðu
alltaf verða annar aðili með forgöngu til
umráðarjettar við sundlaugina.
Þegar hér var komið fundi var tekið að safna
vinnu loforðum til sundlaugarbyggingar frá félagsm.
er sátu á fundi, og kom alt að því helmingur
í vinnuloforðum af þeirri upphæð, sem
tiltekin var í tillögunni
Þá var fjárnefnd tillaga borin upp til
atkvæðagreiðslu, og samþykkt með sam-
hljóða atkvæðum

Næsti fundur ákveðin föstudaginn 15 jan n.k.
Fleyra ekki tekið fyrir.
Fundargjörð ekki upplesin fyr en
á næsta fundi. Fundi slitið.
Halldór Benediktsson fundarstjóri    Ingimar Bogason skrifari.

Ár 1937 þriðjudaginn 26 jan. var
settur og haldinn <u>Aðalfundur</u> U. M. F.
„Fram" í Seyluhreppi, að Varmahlíð
Mættir voru 17 félagsmenn
Fundinn setti formaður fél. Halldór Benediktsson
og skipaði honum sjálfur. Skrifari fundarins
var Ingimar Bogason ritari félagsins.
Dagskrárliðir sem hér segir:
1. Lesnir upp reikningar félagsins yfir árið
1936. - af gjaldkera fél. Magnúsi Sigurðssyni
og sýndu reikningarnir hreina eign félagsins
kr: 597,33    Eftir nokkrar umræður voru
reikningarnir samþykktir mótatkvæðalaust
með þessum breytingum. „Fundurinn skorar
á féhirði að gera ákveðna tilraun til þess
að innheimta hin gömlu tillög. Það sem ekki
innheimtist, heimilast stjórninni að færa
á næsta árs reikning sem óinnheimtanlegt"

2. Starfsemi félagsins á síðasta ári.
Form. skýrði frá störfum fél. og fór nokkrum orðum um hin leigðu húsakynni hér í Varmahlíð, sem fél. hafði yfir að ráða, á síðastliðnum vetri. Þá mintist form. á sundlaugarmálið, og hvað starfað hefði verið fyrir það mál á síðasta starfsári, bjóst form. nú við því að þetta menningarmál, mundi nú fram að ganga til verulegra framkvæmda á næstkomandi vori.
Þá mintist form. á garðræktarmál það sem fél. hafði á prjónunum. – Vísaði þá form. fél. umræðum um það mál til formanns garðræktarnefndar, stóð þessi form. þá óðara upp úr sæti sínu, og rakti sögu garðræktarinnar skammaði hann félagsmenn fyrir slælega þátttöku í framkvæmdum þess máls, varð hann æði þungur á brún, og óskaði eftir að menn reyndu að svara fyrir sig, en enginn ætlaði að fást til þess að biðja um orðið, og urðu margir mjög skömmustulegir framan í formanninum þegar menn fóru örlítið að jafna sig eftir þessar áminningar. Fóru umræður heldur að glæðast á ný, og var nú farið að tala um hvort garðræktin ætti að vera á dagskrá fél. sem framtíðarstarfsemi.
Þá var gengið til atkvæða um það mál, og var samþykkt mótatkvæðalaust að hafa garðræktina á stefnuskrá fél. framvegis, og vinna að henni á næsta ári.

3. Framtíðarstarfsemi. Sundlaugarmál.
Í því máli kom fram svohljóðandi tillaga frá Tobíasi Sigurjónssyni og form. fél.
„Fundurinn samþykkir að kjósa 3ja m. nefnd til þess að athuga möguleika til fjáröflunar, -vegna hinnar fyrirhuguðu sundlaugarbyggingar,- og leggja fram tillögur um það, fyrir fund, síðar í vetur.

4. Í félagið gékk Markús Sigurjónsson.

5. Þessir gengu úr félaginu Steinþór Guðmundsson. Arnaldur V. Jónsson. Indriði Þorsteinsson

6. Stjórnarkosning. Kosningu hlutu:–

Halldór Benediktsson (13 atkv.)
Ingimar Bogason (13 – )
Hjalti Jónsson (12 – )

Varastjórn

Tobías Sigurjónsson (7 atkv)
Ásgrímur Jónsson. (2 atkv) Magnús Sigurðsson (1 atkv)

7 Aðrar kosningar. – Endurskoðendur reikning-anna
Haraldur Jónasson Sigurður Sigurjónsson
Fulltrúar á sambandsfund: –
Haraldur Jónasson Halldór Benediktsson
Garðræktarnefnd. Kosningu hlutu: –
Magnús Sigurðsson. (7 atkv.)
Sigurjón Jónasson (7 – – .)
Bryndís frú Sigurjónss. (6 – – .) með hlutkesti:
Varamenn
Guðvin Jónsson. (6 atkv.)
Ingimar Sigurjónsson 5 – – .)
Tobías Sigurjónsson (4 – – .)
Sundlaugarnefnd. Kosningu hlutu: –
Halldór Benediktsson (14 atkv.)
Tobías Sigurjónsson (13 – – .)
Ingimar Bogason. (9 – – )
Varamenn:
Hjalti Jónsson (7 atkv.)
Sigurður Sigurjónsson 2 – – .)
Fjársöfnunarnefnd Kosningu hlutu: –
Markús Sigurjónsson (13 atkv.)
Hjalti Jónsson. (7 atkv.) Halldór Benediktss. (7 atkv.
Varamaður: Haraldur Jónasson. (4 atkv.)
Fleyra ekki tekið fyrir. Fundi slitið
Fundargjörð upplesin og samþykkt
Halldór Benediktsson Ingimar Bogason.

Ár 1938 föstudaginn 24 júní var aðalfundur U.M.F. „Fram“ settur og haldinn að Varmahlíð. Formaður Halldór Benediktsson setti fundinn og stjórnaði honum sjálfur. Til skrifara var nefndur Ingimar Bogason.

Dagskrá fundarins:

1. Starfsemi síðasta ár.

Form. skýrði frá starfsemi félagsins síðasta ár með nokkrum vel völdum orðum. Hafði starfsemin að vísu verið nokkuð í molum en hafði þó verið reynt að starfa að ýmsum framtíðarmálum svo sem föng voru á.

2. Reikningar félagsins frá síðasta ári.

Gjaldkeri fél. Hjalti Jónsson las þá upp reikningana, og voru þeir athugaðir af endurskoðendum, og síðan lagðir fyrir fundinn til samþykktar. – Eftir að menn höfðu yfirfarið reikningana voru þeir samþykktir með litlum breytingum, og sýndu þeir þá hreina eign í félagssjóði Krónur 786.22/100

3. Framtíðarstarfsemi.

Formaður fór nokkrum orðum um framtíðarstarfsemina, og nefndi fyrst garðrækt sem félagið þyrfti að hafa á stefnuskrá næsta

stórfstímakil. Menn fóru nú að ræða þetta mál, og var þá saga garðræktarinnar frá síðasta ári, rakin í nokkrum dráttum af þeim bræðrum Tobiasi og Bryn[l]eifi í Geldingaholti. Eftir nokkrar umræður voru menn þeir sam-þykkir að halda garðræktinni áfram í framtíðinni. Þá var næst tekið fyrir sundlaugarmál.

Þar tók fyrstur til máls Tobias Sigurjónsson réði hann um bygginga sundlaugar í samráði við stjórn Varmahlíðarfélagsins. taldi ræðum. að „Fram“ fengi ekki að byggja sundlaug sem „privat“ eign á landi ríkissjóðs hér við Reykjarhól, vegna væntanlegra opinberra bygginga sem Varmahlíðarfélagið mundi beita sér fyrir í framtíðinni þá talaði ræðumaður um upptöku fyrir einstaklinga, og félög, í Varmahlíðarfélagið og hvatti menn á að athuga það mál.

Argjald félaga kvað hann vera kr 5.00 og fyrir ofifélaga kr 50,00, fyrir einstök félög kr 50,00 á ári þar sem félög fengu upptöku í V.hl.fé. yrði þeim veittur réttur til þess að senda einn fulltrúa á aðalfund V.hl.fé. ár hvert.

Ræðumaður vikli benda á það, að á móti framlagi frá U.M.F.F. til væntanlegrar sundlaugar, yrði félaginu veitt: þau sérréttindi (m.m.) af hálfu V.hl.fé. - að U.M.F.F. fengi eitt fulltrúasæti á aðalfundum þess, svo lengi sem óskað yrði eftir. Næstur tók til máls Haraldur Jónasson og rakti sögu sundlaugarmálsins, frá eldri tíma til þessa dags, í stórum skýrum dráttum Taldi ræðumaður rétt að U.M.F.F. gengi ekki í V.hl.fé. sem gjaldandi, þó svo að „Fram“ fengi rétt til þess að senda einn fulltrúa á aðalfund V.hl.fé. ár hvert. Hinsvegar leit ræðum. svo á að U.M.F.F. yrði að krefjast þess á móti því framlagi sem það kynni að láta í tjé til nefndrar byggingar, að það fengi fyllsta rétt til þess að eiga fulltrúasæti á aðfundum V.hl.fé. til að gæta þar réttar U.M.F. „Fram“ Málið var nú rætt frá mörgum sjónarmiðum og tók fjöldi manna til máls

Í lok umræðunnar kom fram svohljóðandi tillaga „Fundurinn felur sundlaugarnefnd að semja við V.hl.fé. um væntanlega þátttöku U.M.F.F. í sundlaugarbyggingu við Reykjarhól.“

Tillaga þessi var samþykkt.

4 Ýmsar Kosningar.

a, Sandlangarnefnd frá síðasta ári endurkosin
Varamaður Haraldur Jónasson
b, Jarðræktarnefnd
Kosningu hlutu
Ingimar Sigurjónsson (7 atkv)
Markús Sigurjónsson (4 -"-)
Sigurjón Jónasson (4 -"-)
Varm. Brynleifur Sigurjónsson (4 -"-)
c, Stjórnarkosning í Miðstjórn
Halldór Benediktsson (formaður) (8 -"-)
Hjalti Jónsson (gjaldkeri) (8 -"-)
Ingimar Bogason (ritari) (7 -"-)
Varastjórn
Tobias Sigurjónsson 2 atkv Haraldur Jónasson 2 atkv
d, Fjársöfnunarnefnd Ullkefsdarkosning
Haraldur Jónasson Halldór Benediktsson
Markús Sigurjónsson
Til vara.
Halldór Björnsson Ingimar Bogason
Fleyra var ekki tekið fyrir
Fundargert upplesin og samþykkt
Fundi slitið.
Halldór Benediktsson Ingimar Bogason
fundarstjóri. Skrifari.

Ár 1939 sunnudaginn 10 des var settur og haldinn fundur í U.M.F. Fram að Varmahlíð. Fundinn setti formaður félagsins Halldór Benediktsson og stjórnaði síðan fundinum. Til skrifara var nefndur Ingimar Bogason.
Mættir voru 10 félagsmenn. - Fundarstjóri gat þess að hann hefði gert ítrekaðar tilraunir með að boða fundi á þessu ári, en án árangurs.
Þessi mál voru tekin fyrir:
1 Lagðir fram reikningar félagsins fyrir árið 1938. endurskoðaðir án athugasemda.
Þá voru nokkrar umræður um reikningana og að þeim loknum var borin upp svohljóðandi tillaga. - Fundurinn samþykkir að fella niður ógreidd tillög félagsmanna yfir árin 1931-'32 og '36, en leggur áherslu á að síðari tíma tillög verði greidd sem allra fyrsta til gjaldkera.
Þessi tillaga var samþykkt.
2. Starfsemi félagsins á yfirstandandi ári.
Formaður skýrði frá gjörðum sambandsfundar Skagfirskra ungmennafélaga, þar sem hann mætti sem fulltrúi U.M.F Fram.
Á sambandsfundinum var tekin ákvörðun um árlegt héraðsmót ungmennafélaganna og fyrirkomulag þess í framtíðinni. Þá skýrði hann frá þátttöku

félagsins „Fram“ í sundlaugarbyggingu við Varmahlíð og gat þess að nokkuð væri enn eftir af ógreiddum vinnuloforðum.

Þá minntist form. á eign fél. á girðingu utanum kartöflugarð þann sem félagið hafði áður komið upp á Holts-holtinu.

Samþykkt var að fela stjórninni að koma girðingarefninu í verð.

Þá skýrði formaður frá því að stjórnin hefði fengið leyfi Varmahlíðarfélagsins til þess að hafa opna sundlaugina í Varmahlíð yfir októbermánuð og hélt „Fram“ sundnámskeið yfir þetta tímabil.

Kostnaður sem af því leiddi var kr. 36.15.

3. Í félagið gengu Jónas Sigurðsson. Magnús Blöndal. Þorgrímur Jónsson.

4. Samkomunefnd. Þá var rætt um að halda samkomu til ágóða fyrir félagið.

Í nefndina voru kosnir: Markús Sigurjónsson. Hallur Jónasson. Jónas Haraldsson.

Til vara: Brynleifur Sigurjónsson.

Fleira ekki fyrir tekið

Fundargjörð upplesin og samþ.

Fundi slitið.

Halldór Benediktsson.
fundarstjóri:

Ingimar Bogason.
skrifari:

Árið 1944

# Félagaskrá 1944

1 Árni Sigurbjörnsson
2 Eiríkur Valdimarsson
3 Ephemia Gísladóttir
4 Felix Jósafatsson
5 Gísli Felixson
6 Gísli Jónsson
7 Gunnar Gíslason
8 ~~Guðbjörg Kjarval~~
9 Gunnar Gunnarsson
10 Guðrún Jónasdóttir
11 Bjarni Jónasson
12 Bering Hjartarson
13 Haukur Haraldsson
14 Hjálmar Jónsson
15 Hjálmar Guðmundsson
16 Halldór Benediktsson
17 Hildur Kristjánsdóttir
18 Ingimar Bogason
19 Óskar Guðmundsson
20 Ólafur Jónasson
21 Steingrímur Felixsson
22 ~~Stefán Haraldsson~~
23 Sigurjón Jónasson

24 ~~Sigurjón Ingvarsson~~
25 Sigurbjörn Tryggvason
26 ~~Sigurbjörn Björnsson~~
27 ~~Sigríður Stefánsdóttir~~
28 ~~Sigurjón Sigfússon~~
29. Sigurður Jónasson
30 Sigurpáll Árnason
31. V. Lindemann.
32 Þóra Þorkelsdóttir
33 ~~Jóhanna Kjarval~~

Árið 1944. sunnud. 19 mars var fundur settur og haldinn í U.M.F. Fram, að Varmahlíð
Sigurjón Jónasson setti fundinn og skýrði hann um, nefndi hann til ritara Halldór Benediktsson
Fundarstjóri hóf umræður og talaði viðkomandi deyfð á félagsmálum hér í sveit. Hvatti hann ungt fólk til samvinnu og samtaka um öll framfaramál sveitarinnar.
Halldór Benediktsson las upp uppkast að lögum fyrir ungmennafélög frá U.M.F. Íslands. Þá talaði fundarstjóri og hvatti enn til félagsfólk samtaka og samvinnu
Næstur tók til máls Eiríkur Valdimarsson. Hvatti hann til þess að félagið yrði endurreist af fjöri og krafti. Fundarstjóri talaði enn og tók í sama streng. Urðu nú nokkrar umræður á við og dreif
Sigurpáll Árnason stakk upp á að Felix Jósafatsson kennari gerði nokkurskonar móðurmálsorðtur félagsins og leiðsetti málsmeð. Fór félagsmanna á fundum Eiríkur Valdimarsson studdi uppástunguna. Urðu nú allmiklar umræður, því þá næst fram stjórnarkosning.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kosningu hlutu | Sigurjón Jónasson | með | 12 atkv. |
| | Sigurpáll Árnason | – | 10 – |
| | Hildur Kristjánsd. | – | 7 – |
| Til vara | Halldór Benediktss. | – | 7 – |
| | Felix Jósafatsson | – | 7 – |
| | Jóra Þorkelsdóttir | | 5 – |

Fulltrúar á sambandsfund U.M.S.S. voru kosnir Halldór Benediktsson og til vara Felix Jósafatsson
Árgjald félagsmanna var ákveðið kr. 5.00 fyrir 16 ára og eldri en kr. 3.00 – 12 til 16 ára
Fleira ekki tekið fyrir, fundargjörð upplesin og samþ. Fundi slitið

Sigurjón Jónasson (fundarstjóri) Halldór Benediktsson (ritari)

Árið 1944 sunnud. 2. apríl, var fundur settur og haldinn í U.M.F. „Fram“ að Vammahlíð. Form. fél. Sigurjón Jósíasson setti fundinn og stýrði honum, nefndi hann til ritara Sigurpál Árnason.
Form. vakti máls á því að haldin yrði samkoma hér í Vammahlíð á sumard. fyrsta n.k.
Felix Jósafatsson gerði fyrirspurn viðvíkj-andi samkomu þessari t.d. með skemmtiatriði menn og önnur skemmtiatriði
Form. svaraði fyrirspurn um þessum og bar síðan undir atkvæði og fékk samþ. að skemmtunin yrði haldin. Var síðan stungið upp á þessum mönn-um í skemmtinefnd og þeir samþ.
Felix Jósafatsson
Gutbjörg Kjárval
Sigurjón Jósíasson
Haukur Haraldsson
Sigurbjörn Tryggvason
Næsta atriði fundarins var að taka nýja menn inn í félagið þessa menn
Hjálmar Jónsson, Hjálmar Guðms. og Sigurbjörn Björnsson
Þá vakti form. máls á því að leitað yrði eftir að fá land-blett til umráða fyrir félagið hér við Vammahlíð. Umræður urðu nokkrar en að endingu samþ. að fresta máli þessu til næsta fundar.
Rætt var um skemmtiatriði á fund-um fél. Stungið var upp á þeim Óskari Gutm.s. og Gísla Felixsyni til að lesa upp á næsta fundi
Þá las Felix Jósafatss. ávarp frá samb. ísl. barnakennara um hjálp til bágstaddra barna á Norðurlöndum
Form. vakti máls á símamáli sveitarinnar en engin ákvörðun tekin
Halldór Ben. skýrði frá fundi ungmenna-sambands Skagafjarðar sem haldinn var á Sauðárkrók sunnud. 26. mars s.l. Einkum benti hann á íþrótta-kennslu samb. sem nú stendur yfir meðal fél. deildanna og að þessu fél. væri nauðsyn-legt að sækja nú þegar um að fá kennarann ef það á annað borð ætlaði sér það. Íþróttakennari þessi er Kári Steinsson

Ennfremur skýrði hann frá að samb. hefði áhveðið að gangast fyrir samkomu 17. júní n.k. og einnig að áhveðið hefði verið að leggja 200,00 kr. tvö hundruð krónur í minningarsjóð Aðalsteins Sigmundssonar og að óskað væri eftir framlagi frá deildunum til viðbótar þessu
Þá var sótt um að fá farkennarann og áhveðið að taka hann, vegna þess að nokkur fél. lofuðu þáttöku í íþróttaæfingum.
Annað var ekki tekið fyrir og fundi slitið

Sigurjón Jónasson (fundarstjóri) Sigurpáll Árnason (fundarritari)

Árið 1944, laugard. 25. nóv. var fundur settur og haldinn í U.M.F. „Fram“
Form. fél. setti fundinn og nefndi fyrir fundarstjóra Gísla í Húsey og Eirík í Vallanesi fyrir ritara.
I Fundarritari síðasta fundar las fundargj. sem var síðan borin upp og samþ.
II, var að rætt var um fyrirhugaða skemmtisamk. form. tók fyrst til máls og taldi æskilegt að fél. gæti æft smá leik og sýnt á samkomu
Næstur kvaddi Felix í Húsey sér hljóðs og taldi full seint í farið að kjósa úr Gunnar í ballnefnd urðu svo nokkrar umræður um hverja kjósa ætti í ballnefnd og var útkoman sú að fallist var á till. Felixar að kjósa þau Guðbj. Kjarval, Trindemann Varmahlíð og Sigurjón í Brekku.
III Lesið bréf frá S.M.A. Form. fél. lét svo um mælt að það væri í raun og veru ekki nema eitt mál í því er snerti okkur nú og væri það íþróttamálin hvort áhugi væri meðal fél.m. að taka íþr.kennara, og hvernig þeim málum væri best fyrirkomið.
Felix Húsey vildi láta menn segja um það álit sitt strax hvaða afstöðu þeir tækju til þessara mála en við nánari athugun sást að ekki var hægt að svara þessu strax.

IV Lesið bréf frá Í.S.Í. þar sem ungmennafél.
voru hvödd til að kaupa viðling um bréfaskriftir.
Form. var þessu mjög fylgjandi að fél. keypti
einn slíkan. Eftir umræður kom í ljós að einn fél.
átti einn slíkan, sem hann var fús að lána.
Það mál var þá útrætt. Að því búnu sleit
form. fundi. En eftir það fóru fram skemmti-
atriði. Guðbj. Kjarval og Sigurjón Sigfússon lásu
upp smellnar smásögur. Var síðan stiginn dans
til kl. 1½.

Gísli Felixson
fundarstjóri

Eiríkur Valdimarss.
fundarritari

Árið 1944 sunnud. 9. des. var fundur settur
í U.M.F. „Fram“
Form. setti fundinn og stjórnaði honum en
ritari var Sigurpáll Árnason
I Lesin fundargj. síðasta fundar og samþ.
II Rætt um álfadans, flutti form. það mál og
ræddi nokkuð, hvatti félaga til að láta álit í ljósi.
Eiríkur Valdimarss. hvatti menn til að tala og
var málinu samþ.
Einnig töluðu Sigurpáll Árnason, sr. Gunnar og
einnig form. og Eiríkur aftur
Samþ. með öllum atkv. að halda álfadans
Kosið í nefndir skemmtunarinnar
Brennunefnd: Björn Gröfargili og Markús Brekkn
Nefnd til að raða fólki í dansinn sr. Gunnar
Eiríkur Valdim. og Sigurpáll.
Til að bólar í ballnefnd Halldór Ben.
III Form. vakti máls á hestahúsmáli og hanghúsið
í Vatnahlíð í því sambandi sr. Gunnar talaði
einnig um málið og bauðst til að reka erindið
við stjórn Vatnahlíðarfél.
Fundi slitið.

Sigurjón Jónasson
Fundarstjóri

Sigurpáll Árnason
fundarritari

Árið 1945 sunnud. 28. jan. var aðalfundur U. M. F. „Fram" settur og haldinn að Vatnahlíð. Form. stjórnaði fundi en ritari fél. ritaði fundargj. Form. ræddi fyrst um starfið á s. l. ári og um framtíð félagsins, en eftir það tekið fyrir

I mál á dagskrá en það var fundargj. síðasta fundar. Ekkert var um hana sett annað en form. talaði um það er gerst hefði í hestahúsmálinu var hún síðan samþ.

II mál á dagskrá Lög félagsins Halldór Ben las lög frá S. U. M. F. og breytingar þær er gerðar höfðu verið af laganefnd. Um 9. gr. urðu nokkrar umræður og samþ. sú breyting á henni að skilda einstakling til stjórnarsetu gæti verið 3 ár í stað um fyrir að gert var ráð fyrir 1 ári. Lögin borin upp og samþ.

III Reikn. fél. lesnir upp og samþ.

IV Form. beindi þeirri ósk til væntanlegra sambandsfulltrúa að þeir beittu sér fyrir því á sambandsfundinum að ungm. félagar sambandsins kæmu saman á Litla-Garði einhverntíma næsta sumar

V Kosningar.

Í stjórn fél.

aðalm. Sigurjón Jónsson með 13 atkv.
— Sigurpáll Árnason 13 —"—
— sr. Gunnar Gíslason 12 —"—
Varam. Halldór Ben með 7 —"—
— Hildur Kristj. — 7 —"—
— Eiríkur Valdim. 5 —"—

Á sambandsfund.

Aðalm. Halldór Ben með 11 atkv. til vara Sigurpáll Árnason með 8
— sr. Gunnar —"— 9 —"— —"— Felix Jósafatss 5

Endurskoðendur

Halldór Ben með 11 atkv. Til vara Felix Jósafatss með 6.
Þórunn Haraldsd. 8 —"—

Úr félaginu gekk Sigrún Stefánsdóttir
Í fél. gengu Þórunn Haraldsdóttir Jói Völlum Björn Jónss. Glaumbæ, Sig. Sigurjónss. Marbæli og Stefán Sigurbjörnss. Grófargili
Annað ekki tekið fyrir fundi slitið.

Sigurjón Jónsson
fundarstjóri

Sigurpáll Árnason
fundarritari

Starfsemi U.M.F. Fram í Seyluhreppi
árið 1945

Á árinu voru haldnir 8 fundir þar sem ýmis mál voru til umræðu og þrisvar sinnum voru skemmtiatriði í sambandi við fundina. Byrjað var á málfundastarfsemi og voru tveir málfundir haldnir þar sem þessi mál voru tekin til umræðu:

Á árinu voru haldnar þrjár skemmtanir til ágóða fyrir félagið. Dansleikir voru haldnir í júní við Húseyjarkvíslarbrú, þar sem dansað var í sýslutjaldinu, og í september í Varmahlíð. 29. des. var svo vegleg skemmtun haldin í Varmahlíð. Var þar leikið leikritið

Árni Þorbjörnsson var leikstjóri og leikendur voru: Gísli Stefánsson frá Mikley, Þórunn á Völlum, Alda og Þóra á Fjalli og leikstjórinn. Eftir leikinn var dansað. Skemmtunin var fjölsótt og þótti takast með prýði og vera til fyrirmyndar um allan brag. Helmingi ágóðans af þessari skemmtun á að verja til sjóðstofnunar, sem hefir það markmið að styrkja efnalitla unglinga í Seyluhreppi til náms. Reglugerð er ekki enn samin. Hinn helmingur ágóðans var ~~gefinn~~ lánaður einum ~~félaga~~, Guðbjörgu Tómasdóttur, frá Löngumýri er nú stundar nám í Menntaskólanum á Akureyri. Voru það Kr. 800.00

Skemmtiferð var farin í Vaglaskóg og var í þeirri för yfir 30. manns. Tókst hún vel, en veður var þó ekki hið ákjósanlegasta

Sunnudagsfyrripart á Slátti komu 16 félagsmenn saman í Grófargilsengi til heyskapar og var þar mikið heyjað og heyið selt fyrir þrjú hundruð krónur

Yfirleitt má segja það um starfsemi félagsins á árinu að hún hafi verið all-sæmileg. Mörg nytsöm mál bar á góma og hugur er í félagsmönnum til starfs og dáða. Má í því sambandi benda á að mikill áhugi er fyrir, ~~sko~~ að félagið beiti sér fyrir Skógrækt og var það mál rætt af miklum áhuga á einum fundi þess

Aðalfundur U.M.F. Fram var settur og haldinn að Varmahlíð sunnudaginn 3. febr. 1946. Formaður setti fundinn og bauð félagsmenn velkomna og nefndi til skrifara ritara félagsins Gunnar Gíslason. – Þá þakkaði form. með nokkrum orðum fólki því er unnið hafði að leiksýningu fyrir félagið fyrir áramótin. – Þá var ~~fyrst~~ gengið til dagskrár.

I. Lesin upp fundargerð síðasta fundar. Formaður óskaði eftir frekari upplýsingum í íþróttakennara-málinu ef þar getur. Árni Þorbjörnsson svaraði, og kvað þar allt í sömu óvissu og á síðasta fundi

II. Reikningar félagsins. Gjaldkeri Sigurpáll Árnason las upp endurskoðaða reikninga félagsins og voru þeir samþykktir með samhljóða atkvæðum.

III. Var þá tekið til umræðu uppkast til samþykktar fyrir Styrktarsjóð U.M.F. Fram. ~~Allir~~ Sigurpáll Árnason, Halldór Benediktsson og Óskar Magnússon höfðu samið uppkastið. Hver grein uppkastsins var tekin út af fyrir sig til umræðu og samþykktar.

Allmiklar umræður urðu um uppkastið.

Nokkrar breytingar komu fram við uppkastið, og var það samþykkt svohljóðandi:

1. gr. Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður U.M.F. Fram.
2. gr. Tilgangur sjóðsins er:
a) Að veita efnaminni fólki glaðningu, einkum fyrir jólin. Þó sé ekki farið út yfir takmörk sveitarhrepps.
b) Að styrkja efnalítið, efnilegt námsfólk úr U.m.f. Fram.
c) Fari svo, ~~að~~ eftir að sjóðurinn er orðinn 5 ára gamall, að komi 5 ára tímabil, sem ekki þarf að veita úr sjóðnum skv. a og b lið, þá er sjóðstjórn heimilt að ráðstafa úr sjóðnum til annara hugðarefna félagsins, að fengnu samþ. aðalfundar.
3. gr. Stjórn sjóðsins er skipuð 5 mönnum. Form. umf. Fram er sjálfkjörinn form. sjóðstjórnar, hinir skulu kosnir á aðalfundi Umf. Fram. og ganga tveir úr stjórn árlega, í fyrsta skipti eftir hlutkesti.
4. gr. Skv. 2. gr. um tilgang sjóðsins ber að fara með fé það sem úthlutað er úr sjóðnum. Að öðru leyti er sjóðstjórn einráð um fjárveitingar, sé hún einhuga um það, en ef ágreiningur verður innan hennar, skal hún skjóta málinu til félagsfundar. Félagar umf. Fram hafa tillögurétt um úthlutun.
5. gr. Verkefni stjórnarinnar er: Að afla sjóðnum tekna, efla hann sem mest má verða, svo og að miðla fé því, sem inn kemur er veitt. Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands.
6. gr. Úr sjóðnum má veita árlega allt að helmingi ársteknanna. Sé minna veitt helmingur eða ekkert eitt eða fleiri ár, skal það fé lagt til hliðar og ávaxtað t.d. í Sparisjóði Sauðárkróks og veitist síðar eftir þörfum. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. —

Fundarmenn samþykktu ofanr. skipulagsskrá með öllum greiddum atkv. nema c-lið 2 gr. sem var samþ. með 5 atkv.

IV. Þá var upplesið blað félagsins, sem nú kom út eftir margra ára svefn. Í blaðið rituðu að þessu sinni: ~~Árni Þ.~~ Formaður; Árni Þorbjarnarson, Gísli Felixson og Gunnar Gíslason.

V. Samþykkt var að heyjað verði á næsta sumri, og þess vænst, að þeir sem ekki mæta við heyskapinn greiði ~~þ~~ gjald, sem ákveðið verður, til félagsins. Sérstaklega skulu þeir borga, sem í leti liggja heyskapardaginn og engin önnur forföll en letina hafa.

VI. Stjórnarkosning:

Kosningu hlutu:

Sigurjón Jónasson með 16. atkv.
Sigurpáll Árnason — 16. — " —
Gunnar Gíslason — " — 14 — " —

Til vara: Óskar Magnússon — 9 — " —
Árni Þorbjörnsson 7 — " —
Felix Jósafatsson 7 — " —

Þá voru kosnir 4 menn í stjórn hins nýstofnaða styrktarsjóðs.

Kosningu hlutu:

Árni Þorbjörnsson með 19 atkv.
Óskar Magnússon — 19 — " —
Halldór Benediktsson — 16 — " —
Felix Jósafatsson 15 — " —

Til vara:
Sigurpáll Árnason og Gunnar Gíslason.

Kosnir á sambandsfund: Herfríður Valdimarsdóttir, Halldór Benediktsson, Óskar Magnússon, Gísli Felixson og til vara Gunnar Gunnarsson og Jóhanna Tómasdóttir.

Í ballnefnd voru kosnir: ~~Konr~~ Markús Sigurjónsson, Herfríður Valdimarsdóttir, Ásta Gunnarsdóttir og Jóhanna Tómasdóttir.

Þá voru kosnir menn til þess að sjá um næsta fjóra fundi og fjögur blöð.

Flokkur Felixar í Húsey skyldi sjá um næsta fund. Björn í Glaumbæ annan, Halldór Ben. um þann þriðja og Óskar í Vallanesi um þann fjórða.

Samþykkt var að nafn blaðsins skyldi vera „Gísli".

Fleira var ekki fyrir tekið og fundi slitið.

Gunnar Gíslason

Sigurjón Jónasson

Árið 1916, laugardaginn 16. febrúar var fundur haldinn í U.M.F. „Fram". Formaður setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Óskar Magnússon, en ritaði sjálfur fundargjörð.

I. Ritstjóri blaðsins Sigurpáll Árnason las upp það, sem skrifað hafði verið í blaðið, voru það margar kjarngóðar og vel samdar greinar. Er upplestri var lokið tók til máls Árni Þorbjörnsson og ræddi um blaðið. Fannst honum það gott, en fann að því, að ekki fylgdu nöfn höfunda hverri grein, ennfremur óskaði hann eindregið eftir því, að botninn í hina ágætu sögu, sem upp var lesin, kæmi í blaðinu. Óskar Magnússon tók í sama streng, og stakk upp á því að í blaðinu yrði birt framhaldssaga. Sigurpáll var því fylgjandi að framhaldssaga yrði í blaðinu. Felix Jósafatsson hélt því fram, að dulnefni undir greinunum mundu geta valdið nokkurri spenningi. Árni Þorbjörnsson taldi Gunnar Gíslason manna færastan til þess að sjá um framhaldssöguna.

II. Steingrímur Felixson las upp úr Molbúa sögum

III. Sigurjón Jónasson bauðst til þess að leggja til blett undir skógrækt, ef félagið sæi sér fært að ráðast í hana. Óskar Magnússon fór fögrum orðum um skógræktina. Árni Þorbjörnsson talaði einnig á við og dreif um skógræktina. Sigurpáll taldi legu blettsins, sem Sigurjón bauð, góða, en vildi heldur að skógræktinni yrði valinn staður sem næst miðjum hreppi. Eiríkur Valdimarsson taldi fundinn ekki nógu fjölmennan til þess að taka ákvörðun um málið, og kastaði því fram í þessu sambandi að félagið vantaði fótboltavöll. Árni Þorbjörnss. taldi sjálfsagt að ræða málið á öðrum fundi, og taldi, ef hreyfing væri að komast á húsbyggingarmál félagsins, þá væri sjálfsagt, að það sæti fyrir öðrum framkvæmdum. Umræður urðu meiri um skógræktina.

Fundi lauk með því að dansað var og sungið góða stund.

Sigurjón Jónasson

Laugardaginn 16/3 '46 var fundur haldinn í U.M.F. Fram að Vorsabæ hlíð.
Þetta gerðist: Formaður setti fund og nefndi til fundarstjóra Björn Jónsson og til ritara Óskar Magnússon. Formaður las upp fundargjörð síðasta fundar og var hún samþ. Árni Þorbjörnsson las upp Geislann, í forföllum ritara. Björn Jónasson las upp úr bókinni. Afi og Amma. Jóhanna Kjartan las upp smásögu: Fórnarlambið. Björn Jónsson las upp kvæðið. Þér konur eftir Stefán frá Hvítadal. – Formaður taldi ekki fært að taka skógræktarmálið og húsbyggingarmálið á dagskrá, þar sem meiri hluti stjórnarinnar var ekki mættur, en hann vildi láta verða úr fjársöfnunina á þessum fundi. Ungmenna félögin hefðu heitt sér fyrir söfnun þeirra, hvert í sinni sveit. Eftir því sem fram kom í fundinum lá ekkert fyrir um tillögum og fyrirkomulag söfnunarinnar.
Ákveðið var að formaður skrifaði Kristjáni Eldjárn og fengi ákveðið form fyrir örnefnasöfnuninni.
Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Sunnudaginn 7. apríl var fundur haldinn í Umf. Fram. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum, fundarritari var ritari félagsins.
Óskar Magnússon las upp fundargjörð síðasta fundar, og var hún samþykkt.
Fyrst var tekið til umræðu húsbyggingarmál félagsins. Formaður ~~reifaði málið~~ hóf umræður, og skýrði frá ~~nokkrum~~ drættinum því, hvað gert hefði í þessum efnum. Eftir nokkrar ~~till~~ umræður samþykkti fundurinn að fela stjórninni að ræða sem fyrst við hreppsnefnd og skólanefnd um þátttöku í fyrirhugaðri heimavistar skólabyggingu í hreppnum, og um það, hversu mikið fél. þyrfti fram að leggja og hversu hlutdeild fél. hans til að yrði.
Næst var tekið fyrir skógræktarmálið. Formaður skýrði frá því, að hann myndi gefa blett undir skógræktina (girðing). Kosin var þriggja manna nefnd til þess að undirbúa málið eftir bestu getu, svo hægt verði að hefjast handa sem fyrst.
Fundi lauk með því, að Halldór að Fjalli las upp kvæði eftir norska skáldið Aasland í þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar, og annað eftir Nordal Grieg í þýðingu sama.
Sigurjón Jónasson / Gunnar Gíslason

Ár 1946, laugardaginn 30. nóv. var fundur haldinn í Umf. Fram. Formaður setti fundinn og nefndi til fundarstjóra Óskar í Vallanesi og ritara Gunnar Gíslason.

Fyrst var rætt um vetrarstarfsemina og hóf formaður umræður.

Allmiklar umræður urðu. Svohljóðandi tillaga kom fram frá Árna Þorbjörnssyni.

„Fundur í Umf. Fram samþykkir að reyna að koma á grímudansleik um jólaleytið, að því tilskyldu, að félagsmenn taki höndum saman um að koma grímuklæddir, og stuðli að því að aðrir geri slíkt hið sama." — Formaður gerði þá viðaukatillögu, að á skemmtun þessari yrði tekinn upp þátturinn „létt hjal". (Þar sem útvarpið hefði nú gefið hann frá sér)

Tillögur þessar voru samþykktar í einu hljóði

— Inntökubeiðnir þessar bárust á fundinum frá: Jóhanni Gunnlaugssyni, Víðivöllum
Vilborgu Jóhannsdóttur, Vallanesi
Jóhönnu Valdimarsd. , s. st.

Gunnar Sigurbjörnssyni Grófargili
Sigríði Jónsdóttir Varmahlíð
Jósafat Felixsyni Hólsey.

Þessir nýju félagar voru boðnir velkomnir með lófataki.

Fimm manna nefnd var kosin til þess að sjá um jóladansleikinn. Þessir skipuðu nefndina:

Óskar Magnússon, Sigurjón Jónasson, Sigurpáll Árnason, Halldór Benediktsson og Árni Þorbjörnsson

Fundurinn samþykkti að halda uppá fertugsafmæli félagsins í vetur.

Til undirbúnings afmælisins var kosin fimm manna nefnd þannig skipuð, Sigrún Pétursdóttir, Þóra Þorkelsdóttir V. Lindemann, Felix Jósafatsson Sigurjón Jónasson, Gunnar Gíslason og Árni Þorbjörnsson.

Þá las Árni Þorbjörnsson upp úr félagsblaðinu. Mikið efni hafði borizt og ekki tími til að lesa það allt uppá þessum fundi.

Að lokum var smá "komedia" leikland-

ur sem þeir félagarnir Hjálmar og Baring í Ytra-Vallholti.

Óskar í Vallanesi las upp sögu.

Um skemmtiatriði fundarins sá Óskar í Vallanesi og hans ~~lið~~ útvalda lið.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.

Gunnar Gíslason

Sigurjón Jónasson

~~Aðalfundur U.M.F. Fram var haldinn~~

Sunnudaginn 11. jan. 1947 var aðalfundur Umf. „Fram", settur og haldinn í Varmahlíð. Formaður setti fundinn og stjórði honum og nefndi til ritara sr. Gunnar Gíslason.

Gjaldkeri las upp reikninga félagsins og skýrði þá. Reikningarnir sýndu tekjuafgang Kr. 1018.10. ~~Eftir~~ og hreina eign Kr. 5 839,69. Í styrktarsjóði eru Kr: 1373,15. Reikningarnir voru samþykkti í einu hljóði.

Formaður skýrði frá störfum félagsins. Voru þau all fjölbreytt. Fundir voru haldnir margir, fjórar skemtisamkomur, farin grasaferð og heyjað eina dagstund. Þá stofaði hjá félaginu hálfsmánaðar tíma íþrótta ~~kennari~~, sem var hér í héraði á vegum U.M.S.S. Nokkrir félagar stunduðu íþróttir hjá kennaranum.

Næst var rætt um skógræktina. Storfandi nefnd í málinu hafði lítið gert. Fundurinn samþykkti að fela nefndinni að hefjast handa á vori komanda að láta girða skógræktarblettinn og undirbúa landið til skógræktar.

Þá fór fram stjórnarkosning.
Kosningu hlutu:

| | | |
|---|---|---|
| Sigurpáll Árnason | með | 14 atkv. |
| Sigurjón Jónasson | – | 12 – |
| Árni Þorbjörnsson | | 10. – |

Til vara:

| | | |
|---|---|---|
| Óskar Magnússon | með | 9 atkv |
| Gunnar Gíslason | – | 8 – |
| Felix Jósafatsson | | 7 – |

Úr stjórn styrktarsjóðsins gengu samkvæmt hlutkesti Halldór Benediktsson og Óskar Magnússon og voru kosnir Óskar Magnússon og V. Lindemann.

Á sambandsfund voru kosnir:

| | | |
|---|---|---|
| Sigurpáll Árnason | með | 15 atkv. |
| Óskar Magnússon | – | 15 – |
| Árni Þorbjörnsson | | 14 – |
| Sigurjón Jónasson | | 10 – |

Til vara sr Gunnar Gíslason og Þóra Þorkelsdóttir.

Fundurinn samþykkti að fá kvikmynd (ef góð fæst) frá Sauðárkróki og sýna hana

hér í Varmahlíð. Leynl hreppsingum til skemmtunar. Þessum til aðstoðar voru kosin Árni Þorbjörnsson, Marteinn Sigurjónsson Steingrímur Felixson og Sigríður Pétursdóttir.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Sigurjón Jónasson

Gunnar Gíslason

Sunnudaginn 16. Febr. 1947 var fundur haldinn að Varmahlíð í U.M.F. „Fram" og nefndi sem ritara Árna Þorbjörnsson. Fundur hófst með lestri heillaskeytis frá einum stofnanda félagsins. Var síðan lesin fundargjörð síðasta fundar og samþykkt. Þar næst las formaður upp bréf frá U.M.S.S. ~~á Arnarstapa~~ Urðu umræður um þetta all snarpar. Óskar Magnússon reifaði málið fyrir fundarmönnum. Ákveðið er að Ríkharður Jónsson geri minnismerki af Stefáni G. Stefánssyni og verði merki þetta reist á Arnarstapa. Ekki er ráðið hvenær merki þetta

verður fullgert eða tilbúið. Það sem Óskar kvað mestu varða væri það að ungmennafélög innan sambandsins brygðust skjótt við og kepptust handa um einhverjar framkvæmdir í samb. við málið. Legðu fyrst og fremst peninga til þess að standa straum af gerðinni um staðinn, sem koma á upp á vori komanda. Samþ. var að halda ball til framdráttar þessu máli og voru kosnir í ballnefnd, Sigurjón Jónasson, Bjarni Sigurbjörnsson og Gísli Jónsson.

2. Rætt var um hvort félagið skyldi snúast í kaupum á Skinfaxa sem félagsins, hefur verið undanfarin ár hingað lítið keypt. Tillaga kom fram frá sr. Gunnari Gíslasyni um það að félagið kaupi 10 eintök af Skinfaxa og selji síðan félagsmönnum. Var þetta samþykkt
3. Kjósa ritstjóra blaðsins. Kosningu hlaut Óskar Magnússon Vallanesi.
4. Raðað niður í skemmtiflokka. I Langholtsflokkur, fyrirliði Sr. Gunnar Gíslason II Víðimýrarpláss fyrirliði Árni Þorbj. III. Hólmurinn fyrirliði Eiríkur Valdemarsson.

Til næsta fundar skal Langholtsflokkur

koma með skemmtiatriði.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið.

Sigurjón Jónasson / Árni Þorbjörnsson

Laugardaginn 29/3 1947 var fundur haldinn að Varmahlíð í U. M. F. „Fram“. Formaður tilnefndi sem fundarritara Árna Þorbjörnsson. Fundur hófst með lestri fundargjörðar síðasta fundar. Var hún samþykkt.
Fyrst urðu nokkrar umræður um minnismerki Stefáns G. Stefánssonar á Arnarstapa. Töldu sumir að nokkrir gallar væru á undirbúningi málsins. Engin ákvörðun var tekin um þetta mál á fundinum. Var þó slegið föstu að undirbúa málið til næsta fundar, og gæti þá vilji fundar og félagsmanna verið kominn greinilega í ljós, svo hægt sé að leggja málið
Næsta mál á dagskrá var framborið af Sigurjóni Jónassyni um það að ungmennafélagið styrki með fjárframlögum og vinnu, væntanlegt hreppsþvottahús sem byggja skal í Varmahlíð. Stakk Sigurjón upp á því að félagið legði fram 1000.00 kr. og félagsmenn tæki að sér að flytja möl þá er til þessa húss þarf. Umræður urðu all miklar. Árni Þorbjörnsson taldi ekki rétt að félagið legði fram peninga til þessa máls. Sigurpáll Árnason tók í sama streng. Svo hljóðandi tillaga kom fram á fundinum frá Árna Þorbjörnssyni: Fundurinn samþykkir að félagsmenn gefi allt að eins dagsverki, til að koma upp þvottahúsi í Seyluhreppi. Félagar lofa að koma þegar þeir verða kvaddir ef sér ekkar annir hamla ekki.
Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira var ekki fyrir tekið

Fundi slitið

Sigurjón Jónasson

Árni Þorbjörnsson

Sunnudaginn 25 janúar 1948.

Var aðalfundur U.M.F. „Fram“ haldinn að Varmahlíð. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Gjörðir fundarins voru þessar.

1. Formaður gaf yfirlit yfir starfssemi ársins.

II. Gjaldkeri las upp reikninga félagsins Tekjurnar voru 1395.96 kr. Gjöld 1483.75 kr. Tekjuhalli 87.79 kr. Reikningarnir voru samþykktir í einu hljóði.

III. „Geislinn“; efni hans var. Söngfuglar. Ávarp. Ég lít í anda liðna tíð. Nýlsna og ... um félagsskapinn. Höfust síðan umræður um efni blaðsins sem snérust á ýmsa vegu.

IV. Inntaka nýrra félaga.
Í félagið gengu þessir. Ólafur Sigurbjörnsson, Þorvaldur Árnason. Sverrir Björnsson og Sigurður Haraldsson. Allir samþ. með lófataki.

V. Lagabreiting. Tilmæli komu frá stjórninni um að hækka ársgjöld eldri félaganna uppí 8 kr. Umræður urðu nokkrar. Bindur þor einkum í því átt að flestum fannst

félaginu ekki veita af okkar félagsgjalda.
Tillaga kom frá Herfríði Valdimarsdóttir um
að félagsgjöld fullgildra félaga væru fram-
vegis 10.00 kr. Tillagan var samþykkt í einu hljóði.

VI. Sigurpáll Árnason talaði um „Skinfaxa"
Virtist áhugi heldur að glæðast fyrir honum
Nokkrir félagar gerðust áskrifendur.

VII. Stjórnarkosning. Kosningu hlutu Sigurpáll
Árnason m. 22. atkv. Sigurjón Jónasson m. 19. atkv
Óskar Magnússon m. 14. atkv. og til vara
Herfríður Valdimarsdóttir m. 9. atkv. Halldór Benediktsson
m. 6 atkv. og Gunnar Gíslason m. 6 atkv.

VIII. Rætt um 40 ára afmæli félagsins, virtist
almennur áhugi fyrir að halda afmælis-
hóf. Að umræðum um afmælið fór fram
kosning á tveim mönnum í afmælisnefnd
til viðbótar. Kosningu hlutu Sigurpáll og
Óskar. Nefndin er nú skipuð þessu fólki
Sigurjóni Jónassyni. V. Linderman. Þóru
Þorkelsdóttur. Halldóri Benediktssyni. Gunnari
Gíslasyni. Sigurpáli Árnasyni og Óskari Magnússyni

IX. Kosnir fulltrúar á sambandsfund.
Kosningu hlutu. Sigurpáll m. 14. atkv.
Sigurjón Jónasson m. 9. atkv. Gunnar Gíslason
m. 8 atkv. Til vara Óskar Magnússon m. 8 atkv.
og Herfríður Valdimarsdóttir m. 8 atkv.

X. Kosinn einn maður í stjórn Styrktarsjóðs
U. M. F. „Fram". Kosningu hlaut Gunnar Gíslason.

XI. Kosnir endurskoðendur. Kosningu hlutu
Halldór Benediktsson og Felix Jósafatsson.

XII. Kosinn ritstjóri fyrir blaðið „Geisla"
Fráfarandi ritstjóri kvaddi blaðið m. nokkrum orðum og stakk
upp á Felix Jósafatssyni sem væntanlegum
ritstjóra og var hann kosinn í einu hljóði.

XIII. Kaffisamdrykkja. Undir borðum var
rætt um þjóðdansa og kennslu í þeim.
Herfríður Valdimarsdóttir kvaðst vera með
skilaboð frá Ingibjörgu Jóhannsdóttur
á Löngumýri um það hvort félagið vildi
vera með í því að fá kennara í þjóðdansum.
Umræður urðu nokkrar. Að endingu var
samþykkt að fela Herfríði að tala nánar við
Ingibjörgu fyrir næsta fund.

IVX. Spiluð félagsvist.
Þessir hlutu verðlaun.
Heiðursverðlaun. Sigurlaug á Fjalli og Steingrímur Felixs.
Hatungarverðl. Dagmar Kristjánsdóttir og Ásgeir Gunnarsson.
Mættir á fundi 30. Fundi slitið

Aðalfundur U. M. F. Fram var haldinn að Varmahlíð, sunnudaginn 27. febrúar 1949. Fundinn setti formaður félagsins Sigurjón Jónasson, og nefndi til ritara Halldór Björnss. Síðan var gengið til dagskrár.

I. Fundargerð síðasta fundar upplesin og samþykkt.

II. Reikningar félagsins.
Gjaldkeri fél. Sigurpáll Árnason las upp endurskoðaða reikninga fyrir árið 1948.

| | |
|---|---|
| Tekjur voru | 1653,00 |
| Gjöld | 2151,95 |
| Tekjuhalli | 498,95 |

Hrein eign félagsins í árslok 1948, auk fasteigna var 4173,20 kr.
Felix Jósafatsson sagði frá Styrktarsjóði U.m.f. Fram. Gat hann þess að eigi væri hægt að sjá það nú hverjir tveir ættu að ganga úr sjóðstjórninni. Ekkert var veitt úr sjóðnum s.l. 2 ár.
Reikningarnir voru samþykktir með samhljóða atkvæðum.

III. Stjórnarkosning.
Áður en gengið var til atkvæða, báðust 2 úr stjórninni undan endurkosningu, voru það þeir Sigurjón Jónasson og Sigurpáll Árnason.
Kosningu hlutu

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Óskar Magnússon | 13 | atkvæði. |
| | Eiríkur Valdimarsson | 13 | —〃— |
| | Halldór Björnsson | 13 | —〃— |
| Til vara | Sigurjón Jónasson | 11 | atkvæði |
| | Sigurpáll Árnason | 11 | —— |
| | Sr. Gunnar Gíslason | 9 | —— |

Á sambandsfund voru kosnir

| | | | |
|---|---|---|---|
| | Sr. Gunnar Gíslason | 25 | atkvæði. |
| | Sigurpáll Árnason | 21 | —— |
| | Halldór Björnsson | 15 | —— |
| | Eiríkur Valdimarss. | 12 | —— |
| Til vara | Felix Jósafatsson | 11 | —— |
| | Óskar Magnússon | 10 | —— |
| | Sigurjón Jónasson | 10 | —— |
| | Herfríður Valdimarsd. | 6 | —— |

Endurskoðendur reikningann kjörnir þeir sömu og áð

IV. Skógrækt félagsins.

Formaður hvatti félagsmenn til þess að vinna að því, að rækta skógræktarblettinn og prýða, fór hann fram á það við barnakennarann, að hann kæmi með skólabörnin 1 dag á næsta vori til þess að hlynna að blettinum.
Kennarinn tók þessari beiðni formanns vel, en vildi láta aðra félagsmenn leggja eitthvað af mörkum.
Formaður stakk upp á því að hverjum félagsmanni yrði úthlutað vissu svæði, sem sá skyldi svo rækta og annast.
Eiríkur Valdimarsson var þessarri uppástungu fylgjandi, taldi eigi ólíklegt, að með þessu skapaðist samkeppni

V. Framlag til styttu Stephans. G.
Formaður sagði frá því, að eftir væri, að leggja fram þær 1000,00 kr., sem félagið hefði lofað til að reisa myndastyttu af Stephani G. Stephanssyni á Arnarstapa, en nú bráðlega yrði að greiða þessa upphæð.

VI Bréf frá U. F. Í.
Formaður las upp bréf frá U. F. Í um

íþróttamót sem halda skal á Eiðum n. k. vor.

VII. Sr. Gunnar Gíslason þakkaði hinum 2 mönnum úr stjórninni sem létu af störfum, störf þeirra á undangengnum árum.

VIII. Kaffisamdrykkja.

IX. Dansað í 2½ kl. st.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halldór Björnsson.

Sunnudaginn 24. apríl 1949 var fundur haldinn að Varmahlíð í U. M. F. Fram. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

Á dagskrá voru sjö mál, og voru þau tekin í þessari röð:

1. mál: Lesin upp fundargjörð síðasta fundar, og hún samþykkt einróma.

2. mál: Rætt um væntanlega skemmtiferð á núlíðandi sumri. Það voru mjög skiptar skoðanir um hvert fara skyldi á hestum eða bíl og hvert ferðinni skyldi heitið og var að endingu ákveðið að fara suður í Borgarfjörð og að farið yrði í bíl, og var kosin nefnd til undirbúnings ferðalaginu og hlutu þessir kosningu:

Halldór Björnsson með 15 atkvæði,
Ásta Guðmundsd. –"– 11 " –"
Eiríkur Valdimarsson "–" 11 –"–.

3. mál: Kosning þriggja manna í ballnefnd og hlutu þessir kosningu:

Ólafur Sigurbjörnsson, Eiríkur Valdimarsson og Ásta Guðmundsdóttir.
4. mál: Skógræktarmál: Halldór Björns. stakk upp á því að félagar keyptu plöntur og settu þær niður í skógræktarblettinn, og önnuðust um þær sjálfir. Var þetta rætt nokkuð, og að endingu borið undir atkvæði og tillagan felld með 14 atkvæðum gegn tveimur.
Þá var rætt um að félagið keypti plönturnar, og var kosinn nefnd til að sjá um framkvæmdir og voru kosnir: Sigurjón Jónasson, Felix Jósafatsson, Gísli Jónsson, Hildur Kristjánsd. og Sólborg Björnsdóttir.
5. mál: Vikivakar og þjóðdansar. Formaður félagsins skýrði frá því að hugsanlegt væri að fá kennara um tíma ef félagar vildu fá tilsögn í þjóðdönsum og Vikivökum og voru undirtektir góðar með það.

6. mál: Kostnaður af kaffikvöldi félagsins 27. marz s. l. og var borin fram svohljóðandi tillaga: frá Marinó Sigurjónss.
Fundurinn samþykkir, að karlmenn í U. M. F. Fram, greiði 12 kr. hver, í kostnaði við kaffikvöldið, en konur og krakkar 9 kr. Tillagan samþykkt með samhljóða atkv.
7. mál: Lesið upp úr blaði félagsins. Þá voru ekki fleiri mál til umræðu, og fundi slitið.

Sólborg Björnsdóttir
(ritari)

Halldór Björnsson.

Sunnudaginn 13 nov. 1949.
Var fundur haldinn í U.M.F. „Fram"
Formaður setti fundinn, og nefndi
hann Felix Jósafatsson til fundar-
stjóra og Óskar Magnússon fyrir ritara.
Vegna þess að ekki var fyrir hendi
fundargjörð síðasta fundar, var
því þeim gamla vanda sleppt.
I. Var því tekið fyrir fyrsta mál
fundarins sem var bréf frá
U.M.S.S. sem var áskorun frá
sambandsstjórn um framlag til
minnisvarða Stefáns G. Stefánssonar.
Rætt var um fjáröflunar leiðir.
Samþykkt var að stjórn þriggja
manna nefnd til framkvæmda.
Kosningu hlutu Óskar Magnússon
Felix Jósafatsson og Halldór Benediktsson.
II. Vetrarstarfsemin. Rætt var um
hana á við og dreif. Virtist vera
mikill áhugi fyrir glöðu og
góðu vetrarstarfi. Stjórninni
var falið að skipuleggja
vetrarstarfið.

III. Rætt um vökuvökuna.
Eiríkur Valdimarsson reifaði málið og lýsti starfseminni á síðasta vetri. ~~síðan~~ Varðandi kostnað sem af vanskeiði í vökuvökum leiddi af sér var eftirfarandi tillaga samþykkt:
Fundurinn samþykkir að kostnaður af vökuvökukennslu síðastliðið var verði jafnað niður á þátttakendur, en þó þannig að börn innan 14 ára verði undanþegin því gjaldi.
IV. Þá barst ein úrsögn beiðni frá Ólafi Ólafssyni og var hún samþykkt með lófataki.
Mættir á fundinum voru 30.
Eftir fundinn voru dansaðir vikivakar.

Sunnudaginn 27-11-1949 var settur og haldinn fundur í Ungmennafél. Fram að Vorsabæ.
Formaður félagsins nefndi Óskar Magnússon fyrir fundarstjóra og Eirík Valdimarsson ritara. Þetta gjörðist á fundinum.
I. Óskar Magnússon las upp fundargjörð frá síðasta fundi, sem var samþykkt athugasemdalaust.
II. Felix Jósafatsson las upp kvæði.
III. Lesið ~~smásaga~~ upp úr blaðinu „Geislanum" af Herfríði Valdimarsdóttir.
IV. Rætt um möguleika fyrir álfadansi á jólaskemmtun félagsins. Um málið urðu lítilsverðar umræður, en nemd ytir... á sama máli um það að reyna að koma álfadansinum á ef nægilega ~~fólk~~ fólk (kvenfólk) fengist í hann.
V. Lesin upp smásaga af Eiríki Valdimarssyni
VI. Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Eiríkur Valdimarsson
fundarritari.

Miðvikudaginn 28. Des. 1949 var fundur haldinn að Varmahlíð, og var það skemmtifundur.

Formaður setti fundinn, og var hann sjálfur fundarstj. og nefndi Hauk Haraldsson fundarritara.

Formaður las dagskrá fyrir fundinum og Eiríkur Valdimarsson las fundargjörð síðasta fundar og var hún samþykkt athugasemdalaust.

I. Þá byrjaði fundurinn með því að Séra Gunnar Gíslason las upp kvæði.

II. Þá las Haukur Haraldsson upp smá gamansögur.

III. Næstur las upp Gísli Jónsson, kvæði.

IIII. Þá kom fyrir mál. Eiríkur Valdimarsson taldi um, hvort félagar ættu ekki að bjóða kvennaskólanum upp í Varmahlíð, og hvatti fundarmenn til að segja álit sitt á þessu. Steingr. Felixson tók til máls og sagðist eindregið vera með þessu, en sagði að sér þætti verst ef hann yrði farinn úr firðinum. Halldór Björnsson tók til máls, og mæltist til þess að formaður sem af þessu heimboði hlytist, yrði jafnað niður á félagsmenn. Eiríkur tók aftur til máls, og lýsti í sama atriðum þessu boði í fyrra, og taldi þetta hafa verið gott fyrir kunningsskap þessu í fyrravetur.

Óskar Magnússon tók til máls, og taldi það alveg eins gott að hafa kaffikvöld innan félagsins, eins og að fara að bjóða skólanum upp í Varmahlíð. Eiríkur tók til máls aftur og taldi það heppilegt að fundarmenn létu álit sitt í ljósi. Stefán Haraldsson tók til máls, og tó einnig Steingr. aftur. Guðm. Jónsson tók til máls en taldi stutt. Fundarstjóri bar þetta undir fundinn, og var þetta samþykkt með 21 atkv. gegn 1. Kosin var undirbúningsnefnd til að annast þetta heimboð (og nefndi) og voru það Eiríkur Valdimarsson, Gísli og Steini í Hrísey. og þar með var þetta mál tekið út af dagskrá.

5. Guðmann Tobíasson las næstur upp úr bókinni: „Gvendur Jóns og ég".

6. Stefán Haraldsson las næst upp. og nefndist það Hólaþáttur.

7. Guðm. Jónsson las næst upp, og nefndist það „Árgeislinn". Úr blaði fél.

8. Halldór Björnsson las upp smásögu, og var það síðasti dagskrárliður fundarins.
Fleyra, lá ekki fyrir fundinum og fundi slitið.

Halldór Björnsson
(fundarstjóri.)

Haukur Haraldsson
fundarritari

Sunnudaginn 19. febrúar 1950 var Aðalfundur U.M.F. „Fram" settur og haldinn að Varmahlíð. Formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Nefndi hann til skrifara ritara félagsins Óskar Magnússon. Þá bauð form. félaga og gesti velkomna, en á fundinum voru mættir Ólafur Sigurðsson Hellulandi, og Haukur Hafstað Vík, að tilhlutan Skógræktar félags Skagafjarðar. Var þá gengið til dagskrár.

I. Lesin fundargjörð síðasta fundar, en þar sem þá verandi ritari var ekki mættur las form. fundargerðina. Var hún samþ. athuga semdalaust.

II. Erindi frá Skógræktarfélagi Skagfirðinga. Formaður gat þess að stjórn Skógræktarfélags Skagfirðinga hefði farið þess á leit við stjórn U.M.F. „Fram" að félagar í Fram gerðust meðlimir í skógræktar félaginu, lagði form. því fram f.h. stjórnarinnar eftirfarandi tillögu:

Aðalfundur U.M.F. „Fram" haldinn að Varmahlíð 19/2 1950. Samþykkir að allir félagar U.M.F. „Fram" gerist félagar í Deildardeild Skógræktarfélags Skagfirðinga, við stofnun hennar.

Þá talaði Ólafur Sigurðsson Hellulandi

rakti hann tildrög þess að stjórn
S.F.S. leitaði til ungmennafélaganna,
hann gat þess að miklar vonir væru
bundnar við starf æskunnar úr ungmenna-
félögunum innan vébanda skógræktarinnar.
Einnig gat hann þeirra vona sem bændur
af erlendum uppruna hefðu gefið og
hvers vænta megi af þeim í framtíðinni.
Þá talaði Sigurður Jónasson um
norskaskóga og skógrækt þar og hér.
Þá töluðu Óskar Magnússon, Haukur Hafstað
sr. Gunnar Gíslason, Eiríkur Valdimarsson
og Sigurjón Jónasson. Voru þeir því allir
eindregið fylgjandi að félagið sam-
þykkti tillöguna. Var tillagan síðan
borin undir atkvæði, var hún samþ. með
27. samhljóða atkvæðum.
Reis þá Ólafur úr sæti og þakkaði
fundarmönnum fyrir þá afgreiðslu
er þetta mál fékk, bað hann alla
að syngja „Vormenn Íslands" í kveðju
skini við þá kumpána, áður en
þeir viku af fundi. Risu allir
úr sætum, og sungu lagið með þrótti.

III. Inntaka nýrra félaga.
Inntökubeiðni kom frá Sigríðu Jóhannsdóttur
Sigurði Jónassyni og Kjartani Björnssyni.
Voru þau samþykkt og boðin velkomin
með þróttmiklu lófataki.

IV. Reikningarnir.
Gjaldkeri las upp reikningana, voru
þeir samþykktir athugasemdalaust.

V. Stjórnarkosning.
Kosningu hlutu Halldór Björnsson 17 atkv.
Sigurjón Jónasson 17. — " —
Eiríkur Valdimarsson 15 — " —
Til vara. Sigurpáll Árnason. 10 — " —
sr. Gunnar Gíslason 10 — " —
Markús Sigurjónsson. 5 — " —

Á sambandsfund hlutu kosningu
Sr. Gunnar Gíslason 24 atkv.
Sigurpáll Árnason. 18 — " —
Halldór Björnsson 15 — " —
Eiríkur Valdimarsson 11. — " —
Til vara. Óskar Magnússon 11. — " —
Herfríður Valdimarsd. 8 — " —
Sigurjón Jónasson 7 — " —
Gunnar [illegible] 7 — " —

Endurskoðendur reikninga voru kosnir
Felix Jósafatsson og Halldór Benidiktsson
Endurskoðendur laga voru kosnir
Óskar Magnússon, Sigurpáll Árnason
og sr. Gunnar Gíslason.
VI. Lesin bréf frá U. M. S. S. og U. M. S. Í.
VII. Önnur mál.
Óskar Magnússon benti fundarmönnum
á að þar sem samþ. lög um fyrir um
það að félagar U.M.F. „Fram" skyldu
gerast félagar í skógræktarfélaginu
yrði að breyta lögunum í samræmi
við það, en til þess að slíkt
væri hægt þyrfti það að gerast á
aðalfundi, var því samþ. að
næsti fundur skyldi vera framhaldsaðalfundur.
VIII. Formaður þakkaði góða fundarsetu
og bauð félögum til kaffidrykkju.
IX. Fundi ~~frestað~~
Eftir kaffidrykkjuna voru gömlu
dansarnir dansaðir af miklu
fjöri og krafti í 1½ klst.
Óskar F. Magnússon
Ritari

Sunnudaginn 12 mars 1950.
Var framhalds aðalfundur settur og
haldinn að Vatnahlíð.
Formaður setti fundinn og stjórnaði honum,
nefndi hann til ritara Óskar F. Magnússon.
Þetta gerðist á fundinum.
I. Lesin fundargerð síðasta fundar og samþykkt.
II. Laga endurskoðendur lögðu fram uppkast að
lögum fyrir félagið. Vegna óhjákvæmilegra
breytinga á lögunum vegna samþ. aðalfundar
varðandi skógræktarfélagið, átti að endurskoða
lögin, en þegar til átti að taka fundust
engin lög, var því horfið að því ráði að
semja uppkast að nýjum lögum fyrir félagið.
Óskar Magnússon hafði framsögu fyrir nefndina,
lýsti hann ástæðum öllum og ástandi, las hann því
næst upp frumvarp nefndarinnar og óskaði
álits manna og breytinga ef þurfa þætti.
Næstur talaði Felix Jósafatsson, var hann ókátur
mjög yfir því að lög félagsins skyldu glatast og
eins hinu að þessi lög væru öðruvísi en þau
og ekki eins ýtarleg og uppkast það að lögum
sem U. M. S. Í. hafði sent félögunum til
eftirbreytni við samningu laga.

Hófust nú fjörugar umræður með ~~[illegible]~~ ræðunum og ötsjálum ræðuleikjum.
Þeir sem töluðu voru Sigurpáll, Eiríkur og Halldór Björnsson. Eftir litlar umræður og framkomnar breytingar voru eftirfarandi lög samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

1. gr.

Félagið heitir „Ungmennafélagið Fram" skammstafað U. M. F. Fram. Heimili þess og varnarþing er í Seiluhreppi.

2 gr.

Inntöku í félagið geta allir fengið, sem orðnir eru 12 ára og gangast undir lög þess.

3. gr.

Allir félagsmenn skulu og vera félagar í Seiludeild Skógræktarfélags Skagfirðinga

4. gr.

Tilgangur félagsins er
1. Að vernda og efla stjórnarfarslegt, menningarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga og vekja virðingu þeirra fyrir þjóðernislegum verðmætum sínum og annara.
2. Að hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins menningarþroska, með þroska og líkamsþjálfun, og til að rækja þjóðnytjamál og vinna að framgangi þeirra.
3. Að vernda æskulýð landsins gegn neyslu áfengra drykkja og vinna að útrýmingu skaðnautna úr landinu.
4. Að vinna að því, að nóg og lífvænleg atvinna bíði allra unglinga, er vaxa upp í landinu, þegar þeir hafa náð starfsaldri eða lokið námi.
5. Að beita sér fyrir heimilisiðnaði, verndun skógarleifa og skógrækt og þjóðlegum skemmtunum.
6 Að vinna að því, að skapa í hvívetna heilbrigðan hugsunarhátt meðal æskulýðsins í meðferð fjármuna sinna, verndun heilsunnar og fegrun og hreinsun móðurmálsins.

Kjörorðið er: Íslandi allt!

5 gr.

Árstillag skal vera 15 kr fyrir 16 ára félaga og eldri, en 5 kr. fyrir félaga yngri en 16 ára. Árstillagið skal greitt fyrir janúarlok ár hvert.

6 gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn ~~For~~ formaður, ritari, ~~og~~ gjaldkeri og þrír til vara. Formaður

er framkvæmdarstjóri félagsins. Hann stjórnar
fundum, en getur þó skipat aðra félagsmenn
til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og
ritar annat það, sem félagið þarfnast og
formaður krefst. Formaður eða fundarstjóri
getur þó tilnefnt aðra félagsmenn sem fundar-
ritara, en ritari færir fundargerðir inn í gjörðabók.
Gjaldkeri heimtir inn tekjur félagsins og greiðir
gjöld þess. Hann heldur reikning félagsins, sem
lagðir skal fram á aðalfundi ásamt fylgi-
skjölum, endurskoðaður af þar til kjörnum
mönnum. Varamenn koma í stað stjórnarmanna
í forföllum. Stjórnin skal kosin leynilegri kosningu
þannig að formaður og varaformaður eru kosnir
fyrst, en ritari og gjaldkeri ásamt varamönnum
saman, skipta þeir með sér verkum.

7 gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir janúarlok
og skal þar kosin stjórn og endurskoðendur
fyrir komandi ár og reikningar liðinsárs
bornir upp til samþykktar. Reikningsár félagsins
er almanaksárið. Frá farandi stjórn skal
skýra frá starfi og hag félagsins undanfarið
starfsár. Aðalfundur er því aðeins
lögmætur að helmingur félagsmanna
sé mættur, enda sé hann boðaður með
minnst viku fyrirvara. Sé aðalfundur ekki
lögmætur skal hann boðaður á ný, minnst
með viku fyrirvara, fyrir miðjan febrúar, og
er hann þá lögmætur án tillits til þess hve
margir mæta.

8 gr.

Heimilt er stjórninni eða fundum að skipa
nefndir til þess að sjá um verkefni handa
fundum félagsins og einstakar skemmtanir.
Allir félagar U. M. F. F. hafa málfrelsi og
tillögurétt á fundum, þeir skulu þérast.

9. gr.

Engu má breyta í lögum þessum nema
á aðalfundi með 2/3 greiddra atkvæða.

10 gr.

Brot gegn lögum þessum, skal stjórnin taka
til úrskurðar. Endurtekin brot varða brottrekstri.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa
verið samþykkt á aðalfundi og undirrituð
af stjórn félagsins.

Halldór Björnsson (formaður) Eiríkur Valdimarsson gjaldkeri. Óskar Þórlaugsson (Ritari).

Annat lá ekki fyrir fundinum og ekki komu önnur mál fram. Var því fundi slitið.
Óskar Magnússon
Ritari.

Sunnudaginn 2 april 1950

Var fundur haldinn að Vármahlíð U.M.F Fram. Sigurpáll Árnason setti fundinn með nokkrum orðum
I. Óskar Magnússon las upp fundargerð síðasta-fundar, og ný lög er nú hafa verið samin fyrir félagið. Þá er fundargerð var upp lesin tók til máls Felix Jósafatsson og drap á að gömlu lögin [illegible] væru ekki úr gildi, ef þau findust. Næstur tók til máls Eiríkur Valdimarsson og taldi að nú væri búið að ræða um lögin, og sagðist ekki ræða þetta meir, en taldi þessi lög eingildandi fyrir félagið
Þar næst vár fundargerð upp borinn og samþikkt ásamt lögonum
II Sigurður Jónasson las upp frumsamið kvæði
II Sigríður [illegible] las upp smella smá sögu
III Skemtiatriði var það að þær Sólborg-Björnsdóttir og Sigríður Jónsdóttir komu með sinn Gítarinn hver og sungu og spiluðu mörg skemtileg lög, var hrýfning áheirenda mjög mikil og sum lögin mörg klöppuð upp. Síðan var spiluð Framsóknar vist af miklu fjöri 2½ kl. st. Fundi slitið
(Ritari Sigurjón Jónasson

Ár 1950, sunnud. 30. apr. var fundur settur og haldinn í U.M.F. Fram að Varmahlíð. Mættir voru 20 félagar. Þar af aðeins ein stúlka. Formaður, Halldór Björnsson, setti fundinn og nefndi til fundarst.: Stefán Haraldsson og fundarritara Gunnar Gunnarsson.

Dagskrá var.

1. mál. Lesin fundargerð síðasta fundar af Sigurjóni Jónssyni og var hún samþ. athugasemdalaust.

2. mál. Væntanleg skemmtiferð félagsins. Segja má að nær allir fundarmenn hafi [illegible] í að ræða þetta mál.

Eiríkur Valdimarsson hóf máls í umræðum þessum og bað hann fundarmenn taka hraustlega til máls. Umræður urðu allmiklar og sýndist sitt hverjum eins og oft vill verða. Allhvassar orðasennur urðu á stundum og hélt hver fast á sínum málstað. Eiríkur Valdimarsson tók fyrstur til máls og bað hann fundarmenn taka hraustlega til máls, var það líka gert. Næstur talaði form. fél. Halldór Björnsson. Minntist hann lítilsháttar skemmtiferðar þeirrar er nokkrir ungm. félagar fóru síðar í Hveragerði s.l. sumar. Fann hann einkum að því hve þátttakan var lítil, og nokkrir félagar, sem ætlað höfðu eftir þátttöku, drógu sig til baka á síðustu stundu og sátu heima. Þá taldi hann vel athugandi hvort ekki ætti að fara á hestum í skemmtiferð í

sumar, því að undanfarið hefur aðallega verið ferðast með vélknúnum farartækjum. Þá talaði Sigurjón Jónsson, og taldi hann tormerki öll á því að hann gæti farið langt á hestum, þar sem hann kvaðst hafa selt allt undan sér. Aftur á móti taldi hann skemmtilegt mjög að skemmta sér á hestbaki, og hefði þeyst allt hann til alls, ekki á móti því að leggja á hestana um einhverja sumarhelgina, þó ekki fyrr en 13. því þá hefði hann annað að [illegible].

Síðan tóku margir til máls og voru umræður léttar [illegible] var á að vita mætti skemmta sér. Einn vildi fara út á ~~R~~ Reykjaströnd, annar út í ~~D~~ Drangey, þriðji upp á Mælifellshnjúk, fjórði fram á heiðar og sá fimmti vildi fara upp í Glóðafeyki. Sigurjón á Skörðugili kvað erfitt að komast upp á Glóðafeyki; sagði hann aðeins þangað upp 2 menn hafa komizt og væri þaðan ekki útsýnis en af öðrum nærstöddum og eftirtektarverðum fjöllum. Hinsvegar kvaðst Eiríkur í Vallanesi vita til þess að í ~~F~~ Feykinum hefðu ~~klifrað~~ klifrað 4 námsmeyjar af kvennaskólanum og ekki orðið meint af. Sigurjón dró það mjög í efa að þetta væri sannleikanum samkvæmt og mætti á honum skilja að líkt væri að máske það sem einhverjar stelpur hefðu sagt Eiríki í Vallanesi. Um þetta urðu allfjörugar umræður um stund án þess niðurstaða fengist og þykir mér því

rétt að geta þess að eftir fundinn þreyttu ég og nánsmeyjar við tölfu Feykinn, fyrst 4 saman, en síðar þar allar.

Stóð nú upp fundarstj. sjálfur og vakti máls frá sínum bæjardyrum séð. Var hann mjög hlyntur gróðursetningu. Allmiklar umræður urðu milli Felixar í Húsey og Sigurjóns í Skörðugili um yngstu félagana, börnin. Margir fleiri tóku til máls og snerust á sveif með Sigurjóni. Felix leit svo á að skólabörnin, eldri deildin, gæti farið í stutt ferðalög á hestum í góðu veðri ungu síðar en fullorðnir. Sigurjón áleit það hinsvegar eðlilegast og að hafa börn innan við fermingu þá færi varla á hestum. Eftir allm. umræður og orðaskipti var samþ. svohlj. till. frá Eiríki Valdimarssyni. Fundurinn samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd til að sjá um undirbúning skemmtiferðar í sumar. Síðan var kosið í nefndina og hlutu kosn. þeir Eiríkur Valdimarsson, Ólafur Sigurbjörnsson og Sigurjón Jónsson.

3. mál. Skógræktarmál. Rætt var í við og dreif um skógræktarmál í framtíðinni.

4. mál Ýmis mál. Friðrik Björnsson mætti á fundinum og bað um inngöngu í félagið. Var það auðsótt mál fyrir hann og fögnuðu fundarmenn honum með dynjandi lófataki. Felix benti á að íþróttaáhug

Sunnudaginn 7/2 1951

Var aðalfundur U.M.F. Fram haldinn að Vormahlíð
Formaður setti fundinn og nefndi fyrir ritara Sigurjón Jónasson
1 Óskar Magnússon las upp fundargerð síðasta fundar. Var hún samþykkt samhljóða
II Gunnar Gunnarsson las upp fundargerð frá fundinum, sem haldinn var að Laugumýri.
Gunnar Gíslason tók til máls og taldi hann þar mjög rangt með farið af ritara er var Steingrímur Felixsen. Óskar Magnússon hélt alt harða ræðu á stjórn félagsins fyrir ókurteislega eiðslu er hún hefði sýnt við hinn um-rædda fund. Urðu all harðar um ræður um fundar gerðina, en að lokum var hún samþykkt er úr henni hafði verið fellt atriði er ekki höfðu við nein rök að styðjast atriði þessi sett inn án vilja í nefndir fundar.
III Formaður gaf yfir lit[u]sin starfsemi felagsins árið sem leið. Hafnar voru 2 skemmtanir, og farinn skemmtiferð á Mælifellshnjúk
Eina dagstund komu felagar saman í skógræktarbletti felagsins og gróður settu plöntur
IIII Eiríkur Valdimarsson las upp reikninga felagsins fyrir árið 1950. Í peningum á felagið nú 10,332,48 kr
Er reikningar voru upplesnir, tók til máls

Gunnar Gíslasen baudst hann til að sjá um að endur greitt yrði aftur sá kosnaður sem felagið borgaði fyrir bifreið og spilamensku að Laugumýri. Markús Sigurjónssen taldi þettað nú ekki neina nýjung þó stjórn felagssins borgaði reikninga. sem kæmu vegna skemtifunda felagsmanna, svo hefði það verið oft áður. og ekki að fundið fyr en nú. Sigurpáll Árnasen taldi á við og dreif um felagsmál. en taldi að tekjur felagsins væru litlar og taldi það verfarið að ekki skyldi hafa verið heyjað i sumar. Voru reikingar felagsins upp bornir og sampykktir með 13 atkvæðum gegn 3.

Næst var gengið til kostninga. Fyrst var kosin formaður fyrir felagið

Kostningu hlutu Sigurpáll Árnason 23 - atkv.
Sigurður Jónassen 11 —
Gunnar Gunnarssen 10 —
Til vara Sigurjón Jónassen 6 —
Sigríður Jónsdottir 9 —
Gunnar Gíslasen 8

Næst voru kosnir fulltrúar á aðalfund ungmennasambandsins

Kosningu hlutu Gunnar Gíslasen 23. - atkv.
Sigurpáll Árnasen 19 —
Felix Jósafatssen 17 —
Óskar Magnussen 16 —
Til vara Eiríkur Valdimarssen 11 —
Sigurður Jónassen 10 —
Steingrímur Felixsen 9 -
Gunnar Gunnarssen 7

Enetur ~~skoðendur~~ skoðendur voru endur kosnir Eiríkur Valdimarssen taldi rétt að gerður yrði samningur um blett felagsins og hann síðann þinglesinn. Sigurpáll Árnasen kom með uppá stungu um að stungið yrði uppá nefnd til fjár öflunar fyrir felagið

Kosningu hlutu Sigríður Jónsdottir
Óskar Magnússon
Gunnar Gunnarssen
Sigurjón Jónasson
Felix Jósafatsson

Fundarstjóri óskaði hinni nýju stjórn til hamingju með nokkrum vel völdum orðum

Þrír nýjir felagar voru skráðir inn i felagið voru það Hallur Jónasson Bára Björnsdóttir Ásta Sigurbjörnsdóttir. Var þeim fagnað með lofataki

Fundi slitið

Ár 1951, laugard. 10/2. kl. 10. e.h. var fundur settur og haldinn í U.M.F. Fram að [illegible]. Form., Sigurpáll Árnason setti fundinn og nefndi fundarstj. Sigríði Þórsdóttur en ritara Þorvald Árnason og Jósafat Felixson. Rúmir 30 félagar sátu fundinn og 3 utanfélagsmenn.

1. mál. Átti að vera fundargerð síðasta fundar, en þar sem ritari hennar, Sigurjón Jónsson, var ekki mættur, var henni frestað þar til síðar.

2. mál. Upplestur. [illegible] dyggðir eftir Þorstein Jósepsson, lesin af Gunnari Gunnarssyni. Var það bráðskemmtileg smásaga af tveim Íslendingum, sem voru að skemmta sér í Englandi. En þar sem þeir kunnu málið ekki vel, varð þetta hálfgerð hrakfallaför. Fékk G. að launum allm. lófaklapp.

3. mál. Ferðasaga, lesin af Þorvaldi Árnasyni. Las hann söguþætti af Enskum hálfvita, sem ferðaðist hér um land milli 1820 og '30.

4. mál. Uppl. Hrafnkels kongur á Kálfsskinni; kvæði eftir Davíð Stefánsson. Felix Jósafatsson las.

5. mál. Framsamið efni. Göngur á Vestarheiði eftir Eirík Valdimarsson. Lýsti hann því er hann í fyrsta sinn fór í Vestarheiðargöngur, þá unglingur.

Þegar hann ~~var~~ hafði lokið lestrinum, var 1. mál dagskrárinnar, lestur fundargerðarinnar síðustu, tekið fyrir. Þar eð ritari hennar, Sigurjón Jónsson, var þá mættur á fund. Honum hafði orðið sú skyssa á að rita fundargerðina inn í fundargerðabók, áður en hún hafði hlotið samþykki. Kom það því eigi að sök að þessu sinni, þar sem hún var samþ. með öllum greiddum atkvæðum.

6. mál. Ýmis mál. Las form. bréf frá stjórn U.M.S.S. Minnti hann á samþykkt sem gerð var á sambandsfundi í fyrravor. Var það m. a. bindindismál og um fjársöfnun til fyrirhugaðs minnisvarða Stefáns G., svo og ýmis íþróttamál. Form. vildi fresta umræðum um þetta mál þar til á næsta fundi, sem þá yrði umræðufundur en ekki skemmtifundur. Skýrði hann frá, eins og öllum er kunnugt að U.M.F. Fram gekk í Skógræktarfél. á staðf. í fyrra. Þótti honum mjög vafasamt að skuldbinda Ungmennafélagana til að vera í Skógræktarfél. Urðu um þetta nokkrar umræður, og sýndist sitt hverjum. Varð það ekki útrætt hér, þar sem ákveðið var að umræðum um þetta skyldi frestað til næsta fundar. Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.

Frú Ingibjörg Jóhannsdóttir bauð fundarmönnum í eldhús skólans, og var þar veitt mjólk og brauð af hinni mestu rausn. Fundur þessi var haldinn af hálfu Hólmverja, og höfðu þeir séð fyrir harmonikuspilara. Eftir fundinn var ~~dansi~~ stiginn dans og fleira til kl. 3.30, en þá var dansinum slitið og hélt hver heim til sín.

Sigríður Þórsdóttir
fundarstj.

Þorvaldur Árnason, Jósafat Felixson.
fundarritarar.

Ár 1951, laugard. 24/2. var fundur haldinn í U.M.F.
Fram að Varmahlíð. Fundinn setti form. Sigurpáll Árnason og
nefndi fundarstj. Óskar Magnússon en ritara Gísla Þórsson.
Á dagskrá voru 6 mál.

1. Formaður Árnason las fundargerð síðasta fundar og var hún
samþ. samhljóða.

2. Íþróttakennsla. Form. gerði litilsháttar grein fyrir bréf. er
sér hefur borist frá U.M.S.S. Las hann bréfið upp á
síðasta fund. Efni bréfsins fjallaði um íþróttamál og
fyrirspurn um það hvort U.M.F. Fram óskaði eftir íþrótta
kennara nú. Óskar Magnússon mælti eindregið með því.
Þar sem svona margt ungt fólk væri í félaginu. Sigur-
páli fannst heppilegast að kennarinn yrði fenginn í vor.
Þá væri hægt að nota braggann í melnum, vantar sund-
laugarinnar til námsins. En þar að hann [illegible]
væri ekki ágætt að vetrinum. Felix mælti með því að
kennarinn yrði fenginn. og væri það einnig mjög nauðsynlegt
að koma upp íþróttavelli. Sigurpáll tók það að sér
grennslast eftir kennara og á hvaða tíma heppilegast væri
að hafa námskeiðið. Fundarstj. bar það síðan upp hvort
félagar vildu fá kennara. Var það samþ. samhlj. Einnig
bar hann upp hverjir vildu taka þátt í því og urðu
flestir með því. Síðan var málið tekið út af dagskrá.

3. Stefáns G. málið. Óskar Magnússon hafði framsögu.

Hvað þjóðhagslega hlið málsins snerti hefur styttunni
lítils þjóð verið aflað, nema það sem ungmennafélögin
hafa gefið til hennar. Einnig gat hann þess að merki
væru í smíðum er seld yrðu til ágóða fyrir styttunni.
Sr. Gunnar mæltist til þess að málið yrði ekki mikið rætt
nema og gömlu nefndinni yrði falið að sjá um það. Síðan
var málið tekið út af dagskrá.

4. Framtíðarstarfsemi félagsins. Sigurpáll sagði að margt hefði
oldum dottið í hug. En eitt af því stærsta væri fyrirhug-
aður íþróttavöllur, sem mjög nauðsynlegt væri að koma upp.
Svo væri það félagsblaðið, ekki mætti það gleymast.
Ekkert hefur verið skrifað í það í vetur, en vonandi yrði
það ekki framvegis. Þá var það hópsleðaferðin, sem alveg
hefði farizt fyrir s.l. sumar, en vonandi kæmi það ekki
fyrir aftur. Einnig sagði hann að sér hefði dottið í hug að
fél. hefði garðblett og ræktaði kartöflur og fleira sem gæti
orðið fél. til tekna og félögunum til ánægju. Óskar
var einnig á sama máli. Íþróttavöllur fannst honum mjög
nauðsynlegur, einnig fyrir barnaskólann. Felix var á sama
máli og Sigurpáll nema með garðræktina. Sagði hann að
tími væri lítill á haustin, því þá hefðu allir svo mörgu
að sinna. Með félagsheimilið sagði sr. Gunnar að sæti við
þetta sama, málinu hefði verið haldið vakandi. Fjárfestingar
leyfi ekki fengizt ennþá, en það væri endurnýjað á ári
hverju.

Óskar í Vallanesi lagði svo til að byggt yrði í grunninum, þar sem svo mörg félög stæðu saman. Sigurpáll sagði sér fyndist bara málið vanta í að hreppurinn slakti ekki væri einnig einn aðilinn að byggingunni. Þrír hreppsnefndarmenn sitja fundinn, og óskaði formaður, Sigurpáll Árnason að fá að heyra álit þeirra á málinu. Tobías Sigurjónsson sagði þá að málið hefði aldrei verið rætt á hreppsfundi; svaraði sr. Gunnar því til að málið hefði aldrei verið formlega fyrir tekið. Óskar Magnússon stóð þá upp og sagði að rétt hefði málið verið tekið fyrir, en drepist af hálfu hreppsnefndarinnar. Síðan urðu nokkrar umræður um málið, en að þeim loknum sr. Gunnari falið að flytja það á hreppsfundinum á laugard. kemur. Sigurpáll sagðist vera óánægður með fundinn, þar sem hann væri svo illa sóttur, en við skildum ætla að það væri [illegible] að henni.

5. Ýmis mál. Eiríkur Valdimarsson vakti máls á því að eitthvað yrði að gert til þess að forðast farsótta þær sem nú geisa um landið. Sveitirnar væru fámennar og mikið að gera. Matthías vill ekki við því að fá slíka veikindi í sveitina, ef annars væri kostur. Mælti Eiríkur með því að sýslan yrði einangruð og sæluvikunni aflýst, því hún yrði til þess að auka veikinni yfir aldrei. Hættan væri skammt undan, ef ekkert væri aðgert. Sr. Gunnar sagðist hafa átt tal um þetta við Torfa lækni, og

taldi hann enga ástæðu til þess að fresta sæluvikunni. Sr. Gunnar sagðist ekki sjá neitt því til fyrirstöðu að fundurinn sendi áskorun um að fresta sæluvikunni. Felix [illegible] taldi ástæðulaust að fresta sæluvikunni, ef sett yrði á héraðsbann. Kom þá tillaga fram í málinu, og hljóðar svo.

Fundur í U.M.F. Fram í Seyluhreppi, haldinn að Varmahlíð 24. febr. 1951 telur nauðsynlegt, ef þess væri nokkur kostur, að Skagafjarðarsýsla verði einangruð vegna þeirra farsótta er nú geisa um ~~landit~~ landið. Er það ákveðin tilmæli vor að þér, herra héraðslæknir, gerið hvað hægt er í þessum efnum, því að ljóst er vanhæfi þau, er af farsóttum geta leitt fyrir [illegible] sveitanna.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. mál dagskrárinnar, Íslendingasögur, var tekið út af dagskrá.

Síðan fundi slitið.

Óskar Magnússon
fundarstj.

Gísli Jónsson
ritari.

Ár 1951, laugard. 3. marz. var fundur settur og haldinn ~~at~~ í U.M.F. Fram að Löngumýri að tilhlutan Langholtsdeildar, sem sá um þann fund sá. Stefán Haraldsson setti fundinn og stjórnaði honum og nefndi fundarritara þá Guðmann Tobiasson og Gunnar Sigurbjörnsson.

Þetta gerðist á fundinum

1. mál. Lesin fundarg. síðasta fundar af Gísla Jónssyni, og var hún samþ. samhljóða.

2. Uppl. Tímaritsþáttur, eftir Sólarfara. Segir þar frá því er maður utan af landi kom í fyrsta sinn til höfuðborgarinnar. Átti hann þar að mæta nýjum siðum og venjum, sem ekki þekktust í hans sveit. Var sagan hin skemmtilegasta. Fyrsta kafla sögunnar, Í gistihúsi Hjálpræðishersins, las Stefán Sigurbjörnsson. Næsta kaflann, Búnaðarskipti í borginni, las Guðmann Tobiasson og ~~og síðasta kaflann~~. Að Hótel Borg. las Gunnar Sigurbjörnsson síðasta kaflann, Klipping og höfuðbað.

3. Framsöguerindi, Stefán Haraldsson Heimilisprýði. Umræður daufar. Eiríkur Valdimarsson taldi að mikið vantaði á prýði heimilanna heimili, og líka taldi að snyrta svo til að fullkomið væri.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið. Að fundi loknum bauð frk Ingibjörg fundarmönnum til kaffidrykkju. Síðan var stiginn dans af miklu fjöri langt fram á nótt.

Stefán G. Haraldsson
Fundarst.

Guðmann Tobiasson Gunnar Sigurbjörnsson
Fundarritarar.

Ár 1951, laugard 24/11. var fundur haldinn í U.M.F. Fram að Varmahlíð. Sigurjón Jónsson setti fundinn að tilhlutan Langhyltinga, er sjá átti um hann, og skipaði Gunnar Sigurbjörnsson ritara. Á dagskrá voru 4 málefni.

1. Sr. Gunnar Gíslason las upp úr fornritum. Auðunnar þátt vestfirzka.

2.-3. Gunnar Sigurbjörnsson og Gísli Jónsson lásu upp smásögur, og var þeim fagnað með lófataki.

4. Ýmis mál. Form. fél. Sigurpáll Árnason bauð íþróttakennarann velkominn og vænti þess að góður árangur hlytist af starfi hans. Einnig beindi ~~þe~~ hann því til félagsmanna að þeir sýndu bæði áhuga og áræðni í náminu. Þá fór hann þess á leit að nefndir yrðu 3 menn í íþróttanefnd og hlutu þessir sessinn Sigurður Jónsson, Sigurpáll Árnason og Eiríkur Valdimarsson. Að því loknu var stiginn dans.

Fundi slitið.

Gunnar Sigurbjörnsson
fundarritari.

Ár 1951, sunnudaginn 2. des. var fundur settur og haldinn í U.M.F. Fram á Vornahlíð. Fundarstjóri var Gunnar Gunnarsson og ritari Ásgeir Gunnarsson.

Á dagskrá var.

1. Upplestur. Ásg. Gunnars. las upp sögu eftir Jóhberg Jóhansen [?]
2. Gunnar Sigurbjörnsson [?] las upp fundargerð síðasta fundar. Var hún samþ.
3. Uppl. Gunnar Gunnars. las upp seinni sögu. Stella.
4. Felix Jósefsson las kvæði, hetta er Njála [?] og kvæði eftir Tómas Guðm.
5. Ísak [?] Gunnarsd. las upp kvæði í Árnasafni eftir Jón Helgason
6. Gunnar Gunnars. lagði ýmsar spurningar fyrir fundarfólk af ýmsum málum [?]
7. Ýmis mál. Fyrstur tók til máls Sigurpáll. Þótti honum miður farið hve fundirnir væru orðnir einhæfir. Vildi hann einkum nefna 2 síðustu fundi. Áleit þá breytni þeirra einkum stafa af því hve skammur tími liði funda á milli. Það ynnist ei tími að undirbúa þá að neinu ráði á svo skömmum tíma sem 1 vika væri, en lengri tími leið ei á milli síðustu funda. Taldi þó allt, er fram kæmi, bætlegt [?]. Næstur talaði Kristinn og hvatti til að taka í dagskrá framsöguerindi. Stóð þá upp Óskar Magnúss. og tók í sama streng sem Sigurpáll. Áleit alveg eins betra að stefna héldi [?] í félaginu, eins og málum væri nú komið, og þyrfti í engu að breyta því fyrirkomulagi, sem nú væri komið á; einungis skapa [?] um nafnið [?]. Að lokum stóð Bent [?] nokkuð upp og fór orðum um árstíðina [?] þá, er margir þyrftu. Benti mjög réttilega á hvers árstímanum [?] þessi árstíðir væri orðin. Hinir ... fyrir tíma árstíðum [?] og mætti láta þeirra. Síðan fundi slitið, dansað fram [?] nætur.

G. G.
fundarstj.

Ásgeir Gunnarsson
fundarritari

því miður fékk þessi fundargerð ei sitt rétt [?].

Ár 1951, sunnud. 14. okt. var fundur haldinn í U.M.F. Fram á Vornahlíð. Formaður setti fundinn og stýrði honum. Nefndi hann Gunnar Gunnarsson sem fundarritara.

Gerðir fundarins.

1. Inntökubeiðni nýrra fél. Inntökubeiðni barst frá þeim Ernu Ingjaldsdóttur og Guðmundi Helgasyni, og var þeim fagnað með lófataki.
2. Íþróttakennsla. Form. Sigurpáll Tómasson hafði framsögu í málinu, og skýrði frá því að þetta væri stór- og [illegible] mál fundarins. Sagði hann áhuga á að fél. þyrfti að njóta íþróttakennslu í vetur. Óskaði hann þess að fundarmenn létu álit sitt í ljósi, hvort þeir yrðu þátt í íþróttanámskeiði af og hvenær tími væri hentugastur. Að lokum varð [?] fram. Fékk Sigurður Jónasson til máls. Benti hann á að æskilegt væri að U.M.F. Fram hefði íþróttamálin hátt á stefnuskrá sinni. Benti hann réttilega á að þetta ungmennafél. skaraði mjög fram úr í sundíþróttinni, en í öðrum íþróttagreinum stæði það hinsvegar ekki eins framarlega og æskilegt væri. Þetta þyrfti að breytast, og gæti það. Félagar þyrftu að stunda hollar líkamsæfingar meira en gert er.

Þá var orðið gefið laust, en enginn virtist hafa þörf á að létta á hjarta sínu, og láta þetta stórmál til sín taka. Enda vantaði marga af meðlimunum félagsins á fundinn. Var því samþ. sú framtalning [?] að halda fundarmenn upp með

nefndakalli, en gefst síðar vel. Kom fá fram að flestir fundar-
menn óskuðu eftir þátttöku í íþróttanámskeiði, og óskuðu ef
jafnframt að það námskeið yrði fyrr en síðar. Síðan var stjórn-
inni falin framkvæmdir og málið tekið út af dagskrá.

3. Vetrarskemmtun. Umræður litlar þar eð svo fáir voru á
fundi. Ákveðið að hafa sömu flokkaskiptingu og s.l. vetur.
til að sjá um fund. Dregið var um það hver flokkanna
skildi sjá um næsta fund og kom upp hlutur þeirra
Langhyltinga. [illegible]

Fleira ekki fyrir tekið —

Fundi slitið.

Sigurpáll Árnason
fundarstjóri

Gunnar Gunnarsson
fundarritari.

Fundargjörðabók Ungmennafélagsins
„Fram" í Seyluhreppi.
Sk. f. s.